# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

292. TÖLUBLAÐ 17. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — ÞRIÐJUDAGUR 12. DESEMBER 2017




Á tjaldsvæðinu í Laugardal hefur myndast lítið samfélag hinna húsnæðislausu. Tugir einstaklinga, hvaðanæva af landinu, hafa enn fasta búsetu í hjólhýsum og húsbílum í Laugardalnum. Það hefur vafalaust reynt hraustlega á hitagjafa farandheimilanna í fimbulkulda undanfarinna daga. Nokkrir íbúar hafa kvartað undan rafmagnsbilunum undanfarið. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## Launakostnaður á Alþingi aldrei hærri

**Metfjöldi stjórnmálaflokka á Alþingi elur af sér fleiri formenn og þingflokksformenn sem fá álagsgreiðslur á þingfararkaup sitt. Formenn flokka fá 50 prósent álag á launin sín en formenn þingflokka 15 prósent.**

**KJARAMÁL** „Launakostnaður vegna alþingismanna hefur aldrei verið hærri en nú. Bæði kemur til kjararáðshækkunin í fyrra og síðan fjölgun þingflokka á Alþingi sem leiðir til þess að fleiri þingflokksformenn fá álagsgreiðslur og að auki eru fleiri flokksformenn utan stjórnar sem fá 50 prósent álag á laun,“ segir Karl M. Kristjánsson, aðstoðarskrifstofustjóri Alþingis.

Fimm flokkar áttu fulltrúa á þingi á kjörtímabilinu 2009 til 2013. Í kosningum 2013 náðu sex flokkar kjöri. Á nýloknu kjörtímabili áttu sjö flokkar kjörna fulltrúa á Alþingi og þeim fjölgaði um einn eftir nýafstaðnar kosningar og eru nú átta sem er metfjöldi þingflokka.

Í reglum forsætisnefndar Alþingis um þingfararkostnað er kveðið á um álagsgreiðslur vegna ábyrgðarstarfa af ýmsum toga. Flokksformenn fá greitt 50 prósent álag á þingfararkaup sitt. Þetta álag er eingöngu greitt til formanna sem ekki eru ráðherrar. Formenn allra þingflokka fá einnig álag á sín laun

**» Hækkun launakostnaðar skýrist bæði af launahækkun frá því í fyrra og fjölgun þingflokka með tilheyrandi álagsgreiðslum til formanna.**

sem nemur 15 prósentum af þingfararkaupi.

Fjölgun flokka sem eiga fulltrúa á Alþingi hefur þannig haft þau áhrif að hlutfall þeirra alþingismanna sem fá álagsgreiðslur á laun sín hækkar. Tólf þingmenn eru á ráðherralaunum; þeir ellefu þingmenn sem eru ráðherrar og forseti Alþingis. Fimm þingmenn eiga rétt á 50 prósenta álagi á laun sín vegna stöðu sinnar sem formenn flokka. Þess ber þó að geta að Píratar hafna ætíð þessu formannsálagi.

Auk þingfararkaups og álags eftir atvikum fá alþingismenn fastar greiðslur vegna starfskostnaðar. Landsbyggðarþingmenn fá auk þess greiðslur vegna kostnaðar sem hlýst af fjarlægð milli heimilis og þingstaðar. – aá / sjá síðu 4

## Mikilvægt að flytja inn konur

**LÍFIÐ** „Mér finnst gaman að geta verið með svona mikið af stórum alþjóðlegum kvenkyns listamönnum – koma með fyrirmyndir fyrir íslenskar stelpur, því við þurfum þær fleiri í senuna,“ segir Steinþór Helgi Arnsteinsson hjá Sónar Reykjavík hátíðinni, en hin heimsfræga Cassy er meðal þeirra sem spila á hátíðinni ásamt hinni íslensku DJ Yamaho. Resident Advisor, ein stærsta vefsíða í heimi tengd elektrónískri tónlist, sér um dagskrána í bílastæðahúsinu í Hörpu á hátíðinni. – sþh / sjá síðu 24



DJ Yamaho




### Fréttablaðið í dag


**SKOÐUN** Inga Hlín Pálsdóttir skrifar um jólaandann í ferðaþjónustu. 11

**MENNING** Merkar heimildir um samkynja ástir. 18

**PLÚS 2 SÉRBLÖÐ** ● FÓLK ● FASTEIGNIR


*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015










## Veður




Suðaustan 5-13 í dag og skúrir eða él um landið vestanvert, rigning suðaustanlands en annars úrkomulítið. Hiti 0 til 5 stig, en sums staðar vægt frost inn til landsins. SJÁ SÍÐU 16



Landsliðið fer á HM í Rússlandi.

# Kortin tryggja ekki bíla á HM

**FERÐALÖG** „Tryggingar á bílaleigubílum gilda ekki í Rússlandi,“ segir Telma Eir Aðalsteinsdóttir, vörustjóri kortatrygginga hjá VÍS. Fjórtán prósent Íslendinga ætla, samkvæmt könnun Fréttablaðsins, að ferðast til Rússlands næsta sumar til að fylgjast með íslenska landsliðinu á Heimsmeistaramótinu í knattspyrnu. Það eru 37 þúsund manns.

Langar vegalengdir eru á milli leikstaða í Rússlandi og víst að margir munu nýta sér lestar- og flugsamgöngur. Þeir sem hins vegar stefna á að leigja bílaleigubíl ættu að hafa varann á sér. Þótt viðskipta- og platínukort séu með kaskó- og viðbótarábyrgðartryggingu gilda þær tryggingar ekki í Rússlandi, og nokkrum öðrum löndum.

Telma segir að áhættumat tryggingafélaga á Rússlandi ráði þarna för. Hún bendir á að bílaleigurnar sjálfar selji tryggingar en hvetur fólk til að kynna sér þau mál gaumgæfilega, áður en haldið sé af stað, sérstaklega hvaða lögboðnu tryggingar gilda í Rússlandi. „Persónulega myndi ég ekki taka bílaleigubíl í Rússlandi.“

Hún tekur þó skýrt fram að þetta gildi aðeins um tryggingar vegna leigu á bílaleigubílum ferðalanga. Ferðatryggingar sem kortin veita gildi að öllu öðru leyti. – **bg**

# Fossarnir sem Hvalárvirkjun tortímir



Læknarnir Tómas Guðbjartsson og Ólafur Már Björnsson afhentu Guðmundi Inga Guðbrandssyni umhverfisráðherra fyrsta eintakið af Fossadagatalinu 2018 og Fossabæklingnum, sem inniheldur myndir af 30 fallegustu fossunum sem fyrirhuguð Hvalárvirkjun ógnar. Gullfossar Stranda verða sendir íbúum Árneshrepps, sveitarstjórnum Vestfjarða og þingmönnum á næstu dögum. Ágóði af sölu mun renna til Rjúkanda. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Sýknað í deilunni um Fáfni Offshore

**DÓMSMÁL** Héraðsdómur Reykjavíkur hefur sýknað félagið Fáfnir Offshore af kröfum fyrrverandi framkvæmdastjóra, þess, Steingríms Erlingssonar, sem krafðist 9,7 milljóna króna í vangreidd laun á uppsagnarfresti eftir að honum var sagt upp störfum í desember 2015.

Taldi dómurinn Fáfni hafa verið í rétti þegar ráðningarsamningi Steingríms var rift í febrúar 2016 og hætt að greiða honum laun á uppsagnarfresti. Hann hefði brotið gegn trúnaðarskyldum sínum með því að hafa á brott með sér tölvu, farsíma og gögn sem gátu innihaldið upplýsingar um rekstur félagsins.

Í sama máli var Steingrímur sýknaður af gagnsök félagsins sem krafðist skaðabóta vegna meints tjóns sem framkvæmdastjórinn fyrrverandi á að hafa valdið fyrirtækinu sem dómurinn taldi ósannað. – **smj**

# Óþefur frá moltugerði að angra Hafnfirðinga

Íbúar á Völlunum í Hafnarfirði kvarta undan mikilli ólykt sem stundum leggur af moltugerð Gámaþjónustunnar. Heilbrigðiseftirlitið þrýstir á úrbætur og framkvæmdastjóri fyrirtækisins segir unnið að því að finna ásættanlegar lausnir.

**UMHVERFISMÁL** „Hrikaleg pest liggur yfir hverfinu. Er allt að drepa. Starfsmaður á plani flúði inn og allir gluggar lokaðir,“ segir í tölvupósti til heilbrigðiseftirlits Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis þar sem kvartað er undan ólykt frá moltugerði Gámaþjónustunnar.

Gunnar Bragason, framkvæmdastjóri Gámaþjónustunnar, segir fyrirtækið vinna að lausn málsins. „Við erum að vinna að því á fullu að bæta okkar ferli þannig að þetta verði ekki til vandræða,“ segir Gunnar. Margt sé hægt að gera og málið sé til skoðunar hjá sérfræðingum.

Samkvæmt yfirliti frá heilbrigðiseftirliti Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis hefur lengi verið kvartað undan megnum óþef sem stundum berst frá moltugerðinu sem er nærri Krísuvíkurvegi, rúma tvo kílómetra frá íbúðabyggðinni í Vallahverfi. Í mars á þessu ári barst til dæmis tölvupóstur frá verktaka á svæðinu. Sagðist sá einnig hafa kvartað á árinu 2016. „Einn starfsmaðurinn er með öndunarsjúkdóma og hann varð veikur,“ lýsti verktakinn og krafðist úrbóta.

„Undanfarið hefur mikið borið á vondri lykt, ýldulykt eða sorplykt, veit ekki hvað skal kalla hana,“ sagði í öðru kvörtunarbréfi síðar í mars. „Fólk er að njóta blíðunnar og ákveður að fá sér göngutúr og ferskt loft en það er alls ekki hægt.“

Í byrjun apríl þótti sannað að vonda lyktin kæmi frá moltugerðinu og var úrbóta krafist. „Áhaldahúsið fékk kvartanir í morgun undan skelfilegri ólykt,“ segir í bréfi frá 1. nóvember síðastliðnum. Sterk pest hafi komið yfir lóð áhaldahússins sjálfs.




Moltugerði Gámaþjónustunnar er vestan við Stórhöfða, rúma tvo kílómetra suður af Vallahverfi þaðan sem kvartanir berast. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

> Starfsmaður á plani flúði inn og allir gluggar lokaðir.
>
> Úr kvörtun vegna ólyktar

„Algjör skítapest í hverfinu,“ segir í kvartanaskrá heilbrigðiseftirlitsins 11. nóvember. Er þá rætt við starfsmann Gámaþjónustunnar sem kveðst vita að lyktin komi frá moltugerðinu. Starfsmenn hafi byrjað að snúa úrganginum í gerðinu þar sem spáð var hagstæðri vindátt en spáin hefði ekki ræst. „Þetta er ekki það sem við viljum, það er að lykt berist í íbúabyggð,“ segir síðar í tölvupósti frá starfsmanninum.

„Þetta eru að mestu leyti ávextir, grænmeti og eldaður úrgangur,“ segir Gunnar Bragason um moltugerðarefnin. Markmiðið sé að minnka lyktina og það sé hægt, meðal annars með því að tæta efnin betur niður í forvinnslu. Hann sé bjartsýnn á að allir geti verið sáttir enda þurfi svo að vera. „Við höfum engan áhuga á að vera með starfsemi sem veldur íbúum á Völlunum óþægindum.“ **gar@frettabladid.is**


VIÐ BÚUM TIL DRAUMASÓFANN ÞINN

900 útfærslur, engin stærðartakmörk og 3.000 tegundir af áklæðum




Kíktu í heimsókn!
Opið virka daga kl. 10-18
Laugardaga 11-15

Patti HÚSGÖGN

Bíldshöfða 18 - 110 Reykjavík - sími: 557 9510 - www.patti.is

# ÞÚ FÆRÐ NESPRESSO VÉLARNAR HJÁ OKKUR




INNBYGGÐUR MJÓLKURFLÓARI

**NESPRESSO**
**CITIZ & MILK KAFFIVÉL**
- Alsjálfvirk og með 1 lítra vatnstank
- Innbyggð Aeroccino mjólkurflóun

D122BLACK/D122WHITE

# 29.995

Birt með fyrirvara um myndabrengl og/eða prentvillur.

ELKO
GRANDI-LINDIR-SKEIFAN-ELKO.IS

# Hjón dæmd fyrir stórfelldan fjárdrátt á nokkurra ára tímabili

**DÓMSMÁL** Héraðsdómur Reykjaness dæmdi í síðustu viku hjón í átta og fjögurra mánaða skilorðsbundið fangelsi fyrir stórfelldan fjárdrátt á nokkurra ára tímabili.

Hjónin voru ákærð í þremur liðum fyrir fjárdráttarbrot í einkahlutafélagi sínu sem úrskurðað var gjaldþrota í febrúar 2014. Alls námu fjárdráttarbrotin rúmum 13 milljónum króna og ná aftur til ársins 2006.

Hjónin voru ákærð í sameiningu í fyrsta liðnum fyrir að hafa á tímabilinu janúar 2010 til janúar 2014, sem eigendur, stjórnarmenn og prókúruhafar ónefnds félags dregið sér samtals 8,4 milljónir króna og millifært inn á persónulega bankareikninga sína. Þar hafi þau notað féð í eigin þágu á sama tíma og félagið var í viðvarandi vanskilum á opinberum gjöldum við Tollstjóraembættið sem ýmist voru gjaldfallin eða gjaldféllu á tímabilinu og félaginu bar að greiða.

> **Hjónin játuðu að hafa dregið sér rúmar 13 milljónir króna úr félaginu sem varð gjaldþrota árið 2014**

Félagið var úrskurðað gjaldþrota 19. febrúar 2014 að kröfu Tollstjóra en ekkert fékkst upp í ríflega 14 milljóna króna lýstar kröfur í búið.

Annað þeirra er síðan í öðrum ákærulið ákært fyrir að draga sér 1,7 milljónir úr félaginu frá desember 2006 til ágúst 2013 til að greiða af persónulegu láni sínu hjá Landsbankanum.

Í þriðja lið var sami einstaklingur ákærður fyrir að draga sér ríflega 3,2 milljónir á tímabilinu janúar 2009 til mars 2013 til að greiða greiðslukortaskuldir sínar.

Hjónin játuðu brot sín skýlaust fyrir dómi og hlaut annað þeirra átta mánaða skilorðsbundið fangelsi en hitt fjögurra mánaða. – **smj**



**Hjónin hlutu átta og fjögurra mánaða skilorðsbundinn dóm.** FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## Árangurslaus sáttafundur

**KJARAMÁL** Samningafundi Flugvirkjafélags Íslands og Icelandair lauk án niðurstöðu í gær. Aftur verður fundað í dag. Óskar Einarsson, formaður Flugvirkjafélagsins, segir stöðuna þá sömu og á laugardag. Hann vill ekki skýra frá því hverjar kröfur flugvirkja eru. Þó er ljóst að þær lúta að launum. „Við höfum verið að vinna í leiðréttingu sem var komin lausn á en leiðrétting og kjarabót er ekki það sama.“

Flugvirkjar hafa boðað ótímabundið verkfall frá klukkan 6 þann 17. desember hafi samningar ekki náðst fyrir þann tíma. Fyrirséð er að verkfallið mun hafa áhrif á flugáætlun Icelandair. – **jhh**



## Ullah tókst ekki ætlunarverkið

**BANDARÍKIN** Akayed Ullah, 27 ára karlmaður, var handtekinn í New York í Bandaríkjunum í gær og sakaður um tilraun til hryðjuverkaárásar. Borgaryfirvöld greindu frá því að kraftlítil sprengja, bundin við Ullah, hafi sprungið á stórri strætóskiptistöð á Manhattan á háannatíma. Fjórir særðust.

„Hryðjuverkamenn munu aldrei vinna,“ sagði Bill de Blasio borgarstjóri í gær. Sagði hann lögreglu telja að Ullah hafi verið einn að verki.

Andrew Cuomo ríkisstjóri tók í sama streng. „Þetta er New York. Við erum skotmark margra þeirra sem vilja taka afstöðu gegn lýðræðinu, gegn frelsinu,“ sagði Cuomo enn fremur. – **þea**

# Flestir fá álag á þingfararkaupið

**Með fjölgun þingflokka fá æ fleiri þingmenn sérstakar álagsgreiðslur vegna ýmissa embætta. Laun og launatengdar greiðslur þingmanna utan ríkisstjórnar geta slagað upp í tvær milljónir á mánuði.**

**KJARAMÁL** Fjölgun þingflokka eykur launakostnað Alþingis umtalsvert. Í reglum forsætisnefndar Alþingis um þingfararkostnað er kveðið á um álagsgreiðslur á þingfararkaup vegna ábyrgðarstarfa af ýmsum toga. Flokksformenn fá greitt 50 prósent álag á þingfararkaup sitt. Þetta álag er eingöngu greitt til formanna sem ekki eru ráðherrar.

Átta þingmenn eru þingflokksformenn og fá 15 prósent álag. Sömu álagsgreiðslur fá sex varaforsetar og átta formenn fastanefnda. Hver varaformaður fastanefndar fær 10 prósent álag og annar varaformaður hverrar nefndar fær fimm prósent álag á þingfararkaup sitt.

Í reglum forsætisnefndar um þingfararkostnað er þó kveðið á um að ekki sé greitt álag nema vegna eins embættis. Þannig fái þingflokksformaður ekki aukið álag þótt hann sé varaformaður nefndar, svo dæmi sé tekið.

Gegni enginn þingmaður tveimur eða fleiri umræddra embætta, standa einungis átta þingmenn eftir af 63 sem fá þingfararkaup án sérstaks álags.

Auk þingfararkaups og álags vegna tengdra starfa fá alþingismenn einnig fastar greiðslur vegna kostnaðar sem hlotist getur af starfi þeirra. Alþingismenn fá að lágmarki 70.000 kr. í fastar greiðslur á mánuði vegna starfskostnaðar og ferðakostnaðar.

Þingmenn í landsbyggðarkjördæmum fá að auki greiddar 134.041 kr. í fastan húsnæðis- og dvalarkostnað. Fjárhæðin er ætluð til að standa undir húsnæðis- og dvalarkostnaði á höfuðborgarsvæðinu eða í kjördæminu ef þingmaður á heimili á höfuðborgarsvæði.

Haldi landsbyggðarþingmaður sem á heimili utan höfuðborgarsvæðisins annað heimili í Reykjavík getur hann hins vegar óskað eftir 40 prósent álagi á greiðslur vegna húsnæðis- og dvalarkostnaðar sem hækkar þá upp í 187.657. kr.

Fastar greiðslur alþingismanna úr landsbyggðarkjördæmi, aðrar en launagreiðslur, geta því farið upp í 257.657 kr. á mánuði. Ef svo er ástatt um formann flokks sem ekki er ráðherra eru laun hans auk greiðslna vegna ferða-, húsnæðis- og starfskostnaðar 1.909.448 kr. á mánuði. **adalheidur@frettabladid.is**


**Formenn stjórnmálaflokkanna eftir þingkosningar haustið 2017.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

### Launakjör þingmanna

| | |
|---|---|
| Forsætisráðherra | 2.021.825 kr. |
| Aðrir ráðherrar | 1.826.273 kr. |
| Forseti Alþingis | 1.826.273 kr. |
| Sex varaforsetar Alþingis | 1.266.374 kr. |
| Fimm formenn flokka | 1.651.791 kr. |
| Átta formenn nefnda | 1.266.374 kr. |
| Átta formenn þingflokka | 1.266.374 kr. |
| Átta 1. varaformenn nefnda | 1.211.313 kr. |
| Átta 2. varaformenn nefnda | 1.156.254 kr. |
| Þingfararkaup án álags | 1.101.194 kr. |

### Fastar greiðslur ofan á laun

**a 40.000 kr.** starfskostnaður leggst á mánaðarlaun allra þingmanna.

**b 30.000 kr.** ferðakostnaður leggst á mánaðarlaun allra þingmanna.

**c 134.041 kr.** húsnæðis- og dvalarkostnaður, föst greiðsla til landsbyggðarþingmanna.*

**d 53.616 kr.** álag ofan á greiðslu skv. lið c fyrir landsbyggðarþingmenn sem halda annað heimili í Reykjavík.

**e 44.680 kr.** húsnæðis- og dvalarkostnaður til þeirra sem fá greitt fyrir daglegar ferðir milli heimilis og Reykjavíkur um þingtímann.

* Þingmaður af landsbyggð sem fær greiddan ferðakostnað daglega til að komast til og frá þingi fær þó einungis þriðjung þessarar fjárhæðar.



# KEYRUM ÞETTA Í GANG!

## JÓLARÝMINGARSALA TIL 15. DESEMBER




**JÓLAVERÐ 3.500.000 kr.**
Verð áður 3.850.000 kr.
Afsláttur 350.000 kr. + gjafakort

**RENAULT KADJAR ZEN**
1.5 dísil, sjálfskiptur, framhjóladrifinn

**JÓLAVERÐ 3.100.000 kr.**
Verð áður 3.350.000 kr.
Afsláttur 250.000 kr. + gjafakort




**RENAULT CAPTUR INTENS**
1.5 dísil, sjálfskiptur




**JÓLAVERÐ 5.490.000 kr.**
Verð áður 5.990.000 kr.
Afsláttur 500.000 kr. + gjafakort

**RENAULT KOLEOS ZEN**
2.0 dísil, fjórhjóladrifinn, sjálfskiptur

**JÓLAVERÐ 3.700.000 kr.**
Verð áður 4.050.000 kr.
Afsláttur 350.000 kr. + gjafakort




**RENAULT TALISMAN ZEN**
1.5 dísil, sjálfskiptur




## 100.000 KR. GJAFAKORT
**FYLGIR ÖLLUM NÝJUM BÍLUM!**

**Þeir sem kaupa nýjan bíl hjá BL fyrir 15. desember fá í kaupbæti 100.000 kr. gjafakort frá Íslandsbanka.** Kortið má nota sem innborgun á nýja bílinn, upp í skemmtilega sumarferð eða til að láta langþráðan draum rætast.

Jólaverð á rýmingarsölunni gildir ekki með öðrum tilboðum eða afsláttum.

ENNEMM / SÍA / NM85527

**GE bílar**
Reykjanesbæ
www.gebilar.is
420 0400

**Bílasalan Bílás**
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

**Bílasala Akureyrar**
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

**Bílaverkstæði Austurlands**
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

**IB ehf.**
Selfossi
www.ib.is
480 8080

**BL söluumboð**
Vestmannaeyjum
481 1313
862 2516

**BL ehf**
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

B|L

# Píratar vilja fá formann

**STJÓRNMÁL** Þingmenn Pírata ræða þessa dagana hvort flokkurinn eigi að breyta skipulagi sínu með því að taka upp embætti formanns. „Við erum að ræða þetta í þingflokknum. Þetta hefur með praktíska þætti upp á þingið að gera, snýst um aukna valddreifingu á þinginu,“ segir Þórhildur Sunna Ævarsdóttir, þingflokksformaður Pírata.

Til útskýringar segir hún að flestir stjórnmálaflokkar hafi bæði þingflokksformann og formann. „Alla jafna eru báðir starfandi á þinginu. Við erum ekki með formann þannig að þingflokksformaður sinnir flestum þessum skyldum. Það getur haft kosti í för með sér að skipta þessum verkefnum niður.“

Sunna segir að standi til að ræða hugmyndina við grasrót flokksins. „Þetta er allt á hugmyndastigi og það er ekki búið að taka neina ákvörðun eða móta neina tillögu. Við vorum bara að spjalla.“

Sunna segir núverandi skipulag, að hafa ekki formann í hreyfingunni, hafi verið tekið í arf frá Borgarahreyfingunni sem fékk kjörna þingmenn árið 2009. „Við viljum vera með flatan strúktúr. Það er enginn yfir neinum í Pírötum og við erum ekki með valdapíramída. Það hefur verið okkar andúð við vald og valdboð sem hefur haldið þessu í sessi.“ **– jhh**



**Þórhildur Sunna Ævarsdóttir er þingflokksformaður Pírata.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Fleiri stéttir rjúfa þögnina

**SAMFÉLAG** Fjölmiðlakonur, konur í læknastétt og flugfreyjur sendu allar frá sér yfirlýsingu í gær þar sem þær rufu þögnina um áreitni, mismunun og kynferðisofbeldi sem þær hafa upplifað í starfi. Yfirlýsingunum fylgdu tugir afhjúpandi frásagna.

Fjölmiðlakonur skora á fjölmiðla að setja sér siðareglur varðandi áreitni og ofbeldi.

Konur í læknastétt segja að taka þurfi á ósómanum af festu, bæði af samstarfsmönnum og stjórnendum. Kynbundið ofbeldi, áreitni og mismunun eigi ekki að líðast.

Flugfreyjur segjast verðskulda að þeim sé trúað og sýndur stuðningur. Þær krefjast þess að fá að vinna vinnu sína án áreitni, ofbeldis eða mismununar. **– smj**

## Ósammála um Jerúsalem



Benjamin Netanjahú, forsætisráðherra Ísraels, hélt blaðamannafund með Federica Mogherini, utanríkismálastjóra ESB, í gær. Ísraelinn er staddur í Brussel til að ræða við utanríkisráðherra ESB-ríkja og hvatti ríki sambandsins til að viðurkenna Jerúsalem sem höfuðborg Ísraelsríkis. Þrátt fyrir að heilsast vingjarnlega voru þau ósammála á fundinum. Mogherini sagði að Jerúsalem ætti að vera höfuðborg Ísraels og Palestínu. NORDICPHOTOS/AFP

# Unnu þrekvirki í eldsvoðanum

**Rauða húsinu á Ísafirði var naumlega bjargað þegar slökkviliðinu tókst að bjarga nærliggjandi húsum útgerðarhúsnæðis sem brann á föstudag. Lögregla rannsakar málið. Mildi þykir að húsið hafi verið mannlaust.**

**ÍSAFJÖRÐUR** Lögreglan á Vestfjörðum rannsakar nú eldsvoða, en útgerðarhúsnæði í eigu Hraðfrystihúss Gunnvarar á Ísafirði gjöreyðilagðist er það varð eldi að bráð síðastliðið föstudagskvöld. Bæjarstjóri Ísafjarðar segir gott að sjá fagmennsku og þekkingu slökkviliðsins skila sér.

> **Magnað að sjá fagmennsku og þekkingu skila sér með þessum hætti**
>
> Gísli Halldór Halldórsson, bæjarstjóri á Ísafirði

„Húsið við hliðina, Rauða húsið svokallaða, var í mikilli hættu en með hárréttum viðbrögðum og áherslu tókst slökkviliðinu að bjarga því. Það hefði verið voðalegt ef eldurinn hefði náð í það hús – gamalt frystihús og verðmæti þar líka. Magnað að sjá fagmennsku og þekkingu skila sér með þessum hætti,“ segir Gísli Halldór Halldórsson, bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar.

Kristján G. Jóakimsson, framkvæmdastjóri framleiðslu og sölumála hjá Hraðfrystihúsinu Gunnvöru, segir að betur hafi farið en á horfðist. „Húsið er gjörónýtt, það brann til kaldra kola. Sem betur fer var enginn í húsinu. Eins mikill eldur og þetta var þá er maður þakklátur fyrir að enginn skyldi skaðast.“ Kristján segir að dagleg starfsemi hafi verið í húsinu sem brann og því hafi þurft að finna annað húsnæði fljótt. „Við náðum samkomulagi við vélsmiðju á Ísafirði sem er hinum megin við götuna.“

Lögreglan á Vestfjörðum segir að úrvinnslu úr vettvangsgögnum ætti að ljúka á næstu dögum og þá verði vonandi hægt að segja til um eldsupptök. „Vettvangsrannsókn lauk þarna á laugardagskvöldinu, svo höfum við verið að vinna úr gögnum síðan. Það voru þarna þrjár skemmur sem voru samliggjandi, við tókum ákvörðun um að jafna tvær þeirra við jörðu til að verja nærliggjandi hús og það tókst. Þriðja skemman stendur enn uppi en er gjörónýt,“ segir Hlynur Hafberg Snorrason yfirlögregluþjónn.

Hlynur segir að þeir aðilar sem komu að málum hafi unnið vel saman. „Slökkvilið Ísafjarðar fékk aðstoð frá slökkviliðinu á Bolungarvík og flugvellinum. Svo kom björgunarsveitin og aðstoðaði við að loka svæðinu, auk þess sem aukamannskapur var kallaður út hjá lögreglu. Aðstæður voru líka mjög góðar, nánast logn og þetta er fjarri íbúabyggð. Það má segja að þetta hafi verið eins lánlegt og hægt er að hugsa sér.“ **aroningi@frettabladid.is**




# Meira sælkera




## Karfa 1

Stonewall kex, franskur Camembert, rjómaostur, piparostur, Öðlingur, Ibérico paté, Stonewall chili sulta og bláberjasulta.

**3.799 kr**




## Karfa 2

Stonewall kex, franskur Camembert, rjómaostur, piparostur, Öðlingur, Snowdonia Black Bomber, Ibérico paté, Stonewall chili sulta og bláberjasulta.

**4.599 kr**




## Karfa 3

Stonewall kex, franskur Camembert, rjómaostur, piparostur, Öðlingur, Snowdonia Black Bomber, Picandou geitaostur, Prima donna, Ibérico paté, Stonewall chili sulta og bláberjasulta.

**5.999 kr**




## Karfa 4

Stonewall kex, Melba Toast, franskur Camembert, rjómaostur, piparostur, Öðlingur, Snowdonia Black Bomber, Picandou geitaostur, Prima donna, Höfðingi, Iberico paté, Stonewall chili sulta og bláberjasulta, Raffaello konfekt.

**7.499 kr**

## Karfa 5

Stonewall kex, Melba Toast, franskur Camembert, rjómaostur, piparostur, Öðlingur, Snowdonia Black Bomber, Höfðingi, Brie með chilli og engifer, Picandou geitaostur, Prima donna, lax með trufflu, Ibérico paté, Stonewall chili sulta og bláberjasulta, Raffaello konfekt.

**8.999 kr**




24

**Opið allan sólarhringinn**
**Garðabæ og Skeifunni**

**HAGKAUP** Meira svona alla daga

# TILBOÐ Á VÖLDUM BÍLUM

BÍLALAND BÝÐUR NOKKRA BÍLA Á EINSTÖKUM KJÖRUM! KOMDU STRAX Í DAG OG TRYGGÐU ÞÉR GÓÐAN BÍL Á FRÁBÆRU VERÐI!



www.bilaland.is



TOYOTA Auris Terra
Nýskr. 05/13, ekinn 95 þ.km.
dísil, beinskiptur.
Verð áður: 1.790.000 kr.
TILBOÐ 1.490 þús. kr.
Staðsetning: Klettháls 11



NISSAN Pulsar Visia
Nýskr. 04/16, ekinn 45 þ.km.
bensín, beinskiptur.
Verð áður: 2.090.000 kr.
TILBOÐ 1.790 þús. kr.
Staðsetning: Klettháls 11



DACIA Logan
Nýskr. 04/15, ekinn 58 þ.km.
dísil, beinskiptur.
Verð áður: 1.690.000 kr.
TILBOÐ 1.450 þús. kr.
Staðsetning: Klettháls 11



RENAULT Clio Expression
Nýskr. 06/16, ekinn 17 þ.km.
bensín, beinskiptur.
Verð áður: 2.150.000 kr.
TILBOÐ 1.890 þús. kr.
Staðsetning: Klettháls 11



Range Rover Evoque HSE
Nýskr. 10/16, ekinn 9 þ.km.
dísil, sjálfskiptur.
Verð 8.890.000
TILBOÐ 8.290 þús. kr.
Staðsetning: Klettháls 11



BMW X1 Xdrive18d
Nýskr. 04/17, ekinn 29 þ.km.
dísil, sjálfskiptur.
Verð 4.990.000
TILBOÐ 4.690 þús. kr.
Staðsetning: Klettháls 11

bílaland

Opið frá kl. 9–18 og á laugardögum frá kl. 12–16.

Kletthálsi 11 - 110 Reykjavík og
Hyundai notaðir bílar - Kauptúni 1 - 210 Garðabæ
Sími: 525 8000 - bilaland@bilaland.is

www.facebook.com/bilaland.is

ENNEMM / SÍA / NM85524


# Rússar sigri hrósandi

**Vladimír Pútín lætur kalla herlið Rússa heim frá Sýrlandi. Stuðningur Rússa hefur hjálpað stjórnarhernum þar í landi mikið í baráttu við uppreisnarmenn.**

**RÚSSLAND** Vladimír Pútín, forseti Rússlands, sagði í gær að hann hefði skipað varnarmálaráðherra sínum að kalla herlið Rússa aftur heim. „Ég hef tekið ákvörðun í þessu máli. Stærsti hluti rússneska herliðsins í Sýrlandi er á leiðinni heim til Rússlands," sagði Pútín sem staddur er í Sýrlandi.

Rússar munu þó enn hafa aðstöðu fyrir lofther sinn þar í landi en í júlí síðastliðnum lögfestu þeir samkomulag sem gert var við ríkisstjórn Sýrlands um að Rússar fengju að hafa herstöð í Sýrlandi í nærri hálfa öld, hið minnsta.

Heimsókn forsetans var óvænt en Bashar al-Assad, forseti Sýrlands og bandamaður Rússa, tók á móti honum á herflugvelli Rússa í Hmeimim. Stuðningur Rússa við ríkisstjórn Assads hefur hjálpað stjórnarhernum mikið í baráttunni við uppreisnarmenn.

Rússar hafa þó ekki einungis hjálpað Assad í baráttunni gegn ISIS heldur hafa loftárásir þeirra einnig beinst gegn hryðjuverkasamtökunum sem kenna sig við Íslamskt ríki, þó ekki að jafnmiklu leyti og uppreisnarmönnum að því er Bandaríkjamenn hafa haldið fram.

Loftárásir Rússa í Sýrlandi hófust í september 2015 og var markmiðið að koma á stöðugleika undir stjórn Assads sem þá hafði beðið ósigur í allnokkrum orrustum. Sögðust Rússar eingöngu einbeita sér að því að ráðast gegn hryðjuverkamönnum á meðan óháð félagasamtök og aktívistar sögðu þá ráðast á almenna borgara. Bresku samtökin Syrian Observatory for Human Rights héldu því til að mynda fram á sunnudag að loftárásir Rússa hefðu kostað 6.328 almenna borgara lífið, þar af 1.537 börn.

Einna mest áberandi orrustan sem Rússar aðstoðuðu Assad-liða við var um borgina Aleppo. Eftir nærri tveggja ára loftárásir rússneska hersins endurheimti stjórnarherinn borgina af uppreisnarmönnum í desember 2016. Að sögn eftirlitsmanna Mannréttindastofnunar SÞ fórust hundruð almennra borgara í loftárásunum auk þess sem spítalar, skólar og markaðir eyðilögðust. Yfirvöld í Moskvu hafa þó hafnað því að hafa drepið almenna borgara.



Hinn 189 sentimetra hái Bashar al-Assad , Sýrlandsforseti, tók á móti hinum 170 sentimetra háa Vladimír Pútín, Rússlandsforseta. NORDICPHOTOS/AFP

**6.328**
**almennir borgarar segir Syrian Observatory for Human Rights að hafi farist í loftárásum Rússa.**

Ljóst er að Rússar hrósa sigri í stríðinu í Sýrlandi en í síðustu viku sagði forsetinn að liðsmenn ISIS flýðu svæðið. Í gær varaði Rússinn ISIS-liða við því að skjóta aftur upp kollinum. „Þá myndum við gera árásir ólíkar öllu sem þeir hafa nokkurn tímann séð," sagði Pútín.

Þess er skemmst að minnast að í október tilkynnti varnarmálaráðherra Rússa, Sergei Shoigu, um að með aðstoð rússneska hersins hefði stjórnarherinn endurheimt rúmlega 500.000 ferkílómetra af íslamska ríkinu. Í greiningu BBC á þeim ummælum kemur fram að þau ummæli hljóti að vera röng þar sem viðurkennt landsvæði Sýrlands spanni einungis 185.000 ferkílómetra. Því hefðu Sýrlendingar þurft að margfalda fyrra landsvæði sitt með 2,5 til að fá sömu útkomu og Shoigu tilkynnti um.

Orðspor Rússa, með tilliti til hernaðar og milliríkjasamskipta, hefur styrkst eftir að afskipti þeirra af borgarastríðinu í Sýrlandi hófust, að því er BBC hefur greint frá. Þrátt fyrir gagnrýni óháðra félagasamtaka og ýmissa vestrænna ríkja eru Rússar í lykilstöðu þegar að ákvörðunum um framtíð Sýrlands kemur. Pútín er í forsvari fyrir bandalagi Rússlands, Írans og Tyrklands og hefur grafið undan ítökum Bandaríkjamanna á svæðinu.

Pútín mun nær örugglega tryggja sér endurkjör á næsta ári en hann tilkynnti nýlega að hann hygðist sækjast eftir öðru kjörtímabili. Sé farið aftur til ársins 2013 finnst ekki stór skoðanakönnun þar sem forsetinn mælist með minna en 42 prósenta fylgi. **thorgnyr@frettabladid.is**

# Hundruð fartölvumódela HP sýkt

**TÆKNI** Svokallaður keylogger-vírus hefur fundist á fartölvum af tæplega 500 gerðum frá tæknirisanum HP. Vírusinn virkar þannig að öll slög á lyklaborðið eru skráð og geymd. Hægt er að nota gögnin sem safnað er til þess að fylgjast með athöfnum notanda sýktu tölvunnar en athygli vekur að smitið er ekki til komið vegna utanaðkomandi áhrifa heldur fylgir tölvunum frá framleiðanda.

BBC greindi frá málinu í gær en öryggisrannsakandinn Michael Myng varð var við smitið. HP brást við fréttunum með því að taka fram að fyrirtækið hefði ekki aðgang að gögnunum sem vírusinn safnar og að gefa út uppfærslu fyrir tölvurnar sem losar notendur við smitið. Að sögn Myngs var vírusinn óvirkur en tilvist hans gerði óprúttnum aðilum kleift að kveikja á skráningunni úr fjarska.



Ef til vill er þessi tölva úr smiðju HP smituð af vírus. NORDICPHOTOS/GETTY

Samkvæmt HP var vírusinn innbyggður í forritið Synaptics, sem stýrir snertimúsum, til að hjálpa til við að laga villur í forritinu.

Stutt athugun Fréttablaðsins leiddi í ljós að fjöldi fartölva frá HP af þeim gerðum sem nú eru til sölu á Íslandi eru á lista Myngs yfir smitaðar gerðir. Ættu því eigendur HP-fartölva, nýrri en frá 2012, að huga að því að sækja uppfærslur fyrir Synaptics. – **þea**


Minnum á teiknisamkeppni Skólamjólkurdagsins fyrir 4. bekkinga

Hægt er að skila inn myndum fram að jólafríi til Mjólkursamsölunnar, Bitruhálsi 1, 110 Reykjavík.

Nánari upplýsingar á www.ms.is

Mjólk er góð!



# Sturtuveisla!




**Verðdæmi 70cm.** 29.544




Laus svunta




**Verðdæmi 80x80 cm.** 35.900




**Verðdæmi 70x70 cm.** 30.500




**Verðdæmi 80x80 cm.** 32.107




**Verðdæmi 70x70 cm** 29.600

Sturtuklefar úr hertu öryggisgleri, rennihurðir með 16 hjólum. Heill hornlisti, sturtustangasett og vatnslás fylgja.
Rúnnaðir stærðir 80 x 80 og 90 x 90 cm.
Kantaðir stærðir 70 x 70, 80 x 80 og 90 x 90 cm.




**Verðdæmi 70 cm.** 26.190

## Gæði, úrval og gott verð!

Opið virka daga frá 9 til 18
laugardaga 11 - 15
Ármúla 31 - Sími 588 7332

**i-t.is**

INNRÉTTINGAR & TÆKI
*- fyrir þitt heimili*

# Kerfisfíklarnir



Kjartan Hreinn Njálsson
kjartanh@frettabladid.is

Einn undarlegasti eiginleiki mannsins er að þrá tiltekið fyrirbæri, en um leið hata það og afleiðingar þess. Við verðum ástfangin þegar við vitum að líkur eru á að við munum annaðhvort átta okkur á því að ástin er ekki endurgoldin eða að ástin muni valda okkur ástarsorg. Þessi sérkennilega tilhneiging okkar kristallast einnig í annars konar ástsýki: fíkn. Nútímamaðurinn er á marga vegu aðeins summa fíknar sinnar. Fíknar sinnar í ást, kynlíf, sykur, vímuna, og samþykki og viðurkenningu hinna.

Sem vímugjafar eru samfélagsmiðlar í algjörum sérflokki. Aldrei í sögunni hefur vímugjafi klófest fórnarlömb sín hraðar og í meiri mæli en á síðustu árum. Áhrif þessara miðla, sér í lagi Facebook, eru slík að þau ógna hinni lýðræðislegu hugsjón sem við byggjum samfélag okkar á, rétt eins og dópið étur heila fíkilsins.

Það er óskandi að árið sem senn er á enda verði einhvers konar vendipunktur í því hvernig við umgöngumst samfélagsmiðla. Á síðustu tólf mánuðum höfum við ítrekað séð hvernig þessir miðlar hafa verið vopnvæddir í pólitískum eða félagslegum tilgangi af þeim sem freista þess að grafa undan lýðræðinu. Á árinu var hulunni svipt af því hvernig Facebook var notað til að dreifa fölskum fréttum til að hafa áhrif á forsetakosningarnar í Bandaríkjunum. Samkvæmt nýlegri skýrslu Freedom House voru slíkar aðferðir notaðar í sextán öðrum ríkjum þar sem kosningar fóru fram.

Oftar en ekki njóta þessar aðferðir stuðnings ríkjandi yfirvalda, stundum er þeim ætlað að greiða leið tiltekinna stjórnmálamanna eða styrkja grundvöll tiltekinnar hugmyndafræði.

Tveir milljarðar manna nota Facebook í dag, en þá aðeins í þeim skilningi að þessir einstaklingar leggja upplýsingar sínar, skoðanir og læk í púkkið. Hin raunverulega virkni Facebook felst í algríminu sem notar þessar upplýsingar til að birta meira af sams konar efni. Við erum ekki þátttakendur, heldur breyturnar sem gefa reikniritinu tilgang. Að launum fáum við vænan skammt af dópamíni þegar við fáum staðfestingu á skoðunum okkar.

Stjórnendur Facebook eru fyrst núna að viðurkenna það lýðræðislega hlutverk sem miðillinn gegnir sem fjölmiðill, og mun ef heldur sem horfir þurfa að gegna sem Fjölmiðillinn. Facebook hefur nú þegar gleypt fjölmiðla og ógnar nú stjórnmálunum.

Upphafleg hugmynd Marks Zuckerberg og þeirra sem komu að þróun Facebook var að bjóða upp á vettvang fyrir frjáls skoðanaskipti og að efla tengsl milli fólks. Þannig sjáum við öðru hverju hversu öflugt tól Facebook getur verið þegar því er beitt sem andófi gegn úreltum stöðlum og hugsunarhætti.

Árið sem gengur í garð ætti að verða árið sem við spyrnum við fótum og vinnum bug á fíkninni, krefjumst þess að höfundarnir beri ábyrgð á miðlum sínum, og freistum þess að nýta það mikla tækifæri sem felst í heilbrigðum samfélagsmiðlum.

**Árið sem gengur í garð ætti að verða árið sem við spyrnum við fótum og vinnum bug á fíkninni.**

## Halldór







## Frá degi til dags

**#MeToo**

**Fjölmiðlakonur bættust í gær í hóp þeirra stétta sem lýsa reynslu sinni af kynferðislegri áreitni, óviðeigandi snertingum og óvelkomnum athugasemdum í starfi. Alls skrifuðu 238 konur undir yfirlýsinguna og fylgdu 72 sögur þar með. Sögurnar eru hreint út sagt skammarlegar og sýna svart á hvítu að fjölmargar konur mæta fjandsamlegu viðmóti á vinnustaðnum vegna kyns síns. Það er ekki bara hlutverk þeirra sem áreita að hugsa sinn gang heldur þurfa karlmenn, sem ekki hafa leyft sér að haga sér á þennan hátt, að láta í sér heyra og húðskamma samstarfsmenn sína og vini sem áreita konur.**

**Drullusokkur**

**Vísir birti í gær umfjöllun um þau ummæli sem meðlimir Facebook-hópsins Þjóðleiðar hafa látið falla um séra Davíð Þór Jónsson eftir viðtal sem DV tók við prestinn. Var Davíð Þór þar kallaður drullusokkur, vitleysingur, fáviti, hryllilegur, Júdas, kvikindi, kolruglaður, trúleysingi, bjáni og sagður vilja veg íslams sem mestan því „þeir nauðga börnum“.**

**Þessi viðbrögð uppskar presturinn, sem er augljóslega hvorki Júdas né trúleysingi, fyrir þá hófsamlegu og skynsamlegu tillögu um að börnum yrði boðið í mosku til að fræðast um íslam. Tillögu sem gæti stuðlað að minni fordómum.** thorgnyr@frettabladid.is

# Enga brauðmola, takk!



Guðríður Arnardóttir
formaður Félags framhaldsskólakennara

Hveitibrauðsdagar nýrrar ríkisstjórnar verða stuttir. Ríkisstjórnin ætlar að beita sér fyrir samstilltu átaki með aðilum vinnumarkaðarins svo kjarasamningar skili raunverulegum ávinningi.

Nú ber svo við að kjarasamningar stórra hópa ríkisstarfsmanna eru lausir. Það er ekkert launungarmál að lítið hefur verið að frétta við samningaborðið og höfum við í forystu þessara félaga skynjað umboðsleysi samninganefndar ríkisins. Á Íslandi er háskólamenntun minna metin en í nágrannalöndum okkar. Ungt fólk sem gengur menntaveginn bætir litlu við ævitekjur sínar. Reyndar eru flestir námsmenn að safna skuldum í formi námslána. Það er því ekki nema eðlilegt að greiða háskólamenntuðu starfsfólki hærri laun svo menntunin sé ómaksins virði.

Í dag eru ungir framhaldsskólakennarar með að lágmarki fimm ára háskólanám að baki. Ungur kennari með meistaragráðu sem ræður sig við MR fengi í dag 447.837 krónur í mánaðarlaun. Samkvæmt Hagstofu Íslands var meðaltal reglulega launa fullvinnandi einstaklinga í landinu 552 þúsund krónur á mánuði árið 2016. Unga kennaranum, sem varð af 5 ára ævitekjum með fimm ára skuldasöfnun, er þannig boðið 80% af meðallaunum í landinu eins og þau voru á síðasta ári.

Stjórnvöld verða að hafa skilning á þeirri stöðu að á Íslandi er menntun illa metin til launa í samanburði við nágrannaþjóðir okkar. Til viðbótar eru opinberir starfsmenn lægra launaðir en sambærilegir hópar á almennum markaði. Það gerir hið opinbera illa samkeppnishæft um mannauð. Þegar þannig árar tapar hið opinbera reyndu og vel menntuðu starfsfólki í hærra launuð störf á almennum markaði. Hið opinbera er reyndar líka í samkeppni við nágrannalöndin sem flest greiða betur fyrir sérhæft vinnuafl. Háskólamenntaðir ríkisstarfsmenn eru orðnir langþreyttir á þeirri láglaunastefnu sem þar hefur viðgengist fram til þessa. Það má öllum vera ljóst að þessir hópar munu ekki sætta sig við brauðmola enn eina ferðina. Ný ríkisstjórn verður að byggja brú milli almenna vinnumarkaðarins og hins opinbera. Ný ríkisstjórn þarf að beita sér fyrir eðlilegum launaleiðréttingum háskólafólks hjá hinu opinbera og stuðla þannig að eðlilegri röðun launþega á íslenskum vinnumarkaði.

**Ný ríkisstjórn verður að byggja brú milli almenna vinnumarkaðarins og hins opinbera.**

FRÉTTABLAÐIÐ **ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR:** Einar Þór Sverrisson **FORSTJÓRI:** Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is*
**AÐSTOÐARRITSTJÓRAR:** Hrund Þórsdóttir *hrund@stod2.is*, Kjartan Hreinn Njálssson *kjaranh@frettabladid.is*, Kolbeinn Tumi Daðason *kolbeinntumi@365.is*, Ólöf Skaftadóttir *olof@frettabladid.is*. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **ÞRÓUNARSTJÓRI:** Tinni Sveinsson *tinni@365.is* **HELGARBLAÐ:** Kristjana Björg Guðbrandsdóttir *kristjanabjorg@frettabladid.is* **MARKAÐURINN:** Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is*
**MENNING:** Magnús Guðmundsson *magnus@frettabladid.is* **LÍFIÐ:** Guðný Hrönn Antonsdóttir *gudnyhronn@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Vilhelm Gunnarsson *villi@365.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

# Framtíðin - Um flutningskerfi raforku



**Magnús Rannver Rafnsson**
verkfræðingur og starfar að nýsköpun á orkusviði

Það stefnir í stórtæka innviðauppbyggingu. Út af fyrir sig er það jákvætt. Áhyggjuefni er hvernig það verður gert. Enn hefur engin umræða skapast um lausnir og er það ekki tilviljun. Ég hef áður bent á að umræðan sé föst í reiptogi (Fbl. 13.02.2016), að til séu aðrar leiðir (Fbl. 15.03.2012) og að umhverfisvæn en jafnframt hagkvæm raforkuflutningskerfi séu valkostur (Mbl. 2.02.2016) en komist ekki að vegna hindrana í starfsumhverfi Landsnets (Fbl. 23.06.2016).

Enn fremur hef ég vakið athygli á að Landsnet fer með starfsháttum sínum gegn raforkulögum, gegn samkeppnislögum og gegn eigin innkaupareglum (Mbl. 17.08.2017) auk þess sem fyrirtækið virðist ekki þurfa að fylgja lögum um opinber innkaup – þrátt fyrir að vera eign almennings. RÚV fjallaði um hugverkastuld sem Landsnet er sakað um (Kvöldfréttir 17.04.2016) þegar fyrirtækið ásamt ráðgjafarfyrirtækinu AraEngineering kynnti til leiks „nýja kynslóð háspennumastra“ sem til stæði að reisa meðal annars á hálendinu í 100 milljarða silfraðri stórveislu hinna útvöldu silfursveina (Sóknarfæri 22.10.2015). Í slíkum veislum eru verkin afhent án útboðs eða samkeppni (Fbl. 23.09.2016), bersýnileg stöðnun er afsprengi þessa. Við borgum.

> **Það segir sig sjálft að sátt um Landsnet og núverandi starfshætti, getur aldrei orðið. Að viðkomandi haldi áfram á sömu nótum og hefur verið, er óhugsandi.**

Umfjöllun Kjarnans (4.07.2017) um 172 milljóna verkefnaveislu sem Landsnet afhenti á silfurfati einum ráðgjafa (AraEngineering) í 52 smáskömmtum – án útboðs eða samkeppni – ætti að skerpa myndina allverulega – sem þó er alveg skýr öllum sem vilja sjá – en vanti upp á má rifja upp heimildarmyndina Línudans (28.02.2017) sem fjallar ítarlega um yfirgang Landsnets gagnvart fólki, fjöllum og firnindum með útsmognum hártogunum á hinu gráa svæði lögfræðinnar. Þetta er ekki tæmandi upptalning.

Hvernig Landsnet kemur sér undan því að veita upplýsingar, hvernig forráðamenn fyrirtækisins fara með rangfærslur í fjölmiðlum og hvernig starfsmenn Landsnets týna dýrum skýrslum – svona eins og það sé nú ekkert tiltökumál – hefur enn ekki verið rætt. Hvernig týnast annars skýrslur sem til eru rafrænt í öllum kerfum? Eða var þetta handskrifuð skýrsla?

Það segir sig sjálft að sátt um Landsnet og núverandi starfshætti, getur aldrei orðið. Að viðkomandi haldi áfram á sömu nótum og hefur verið, er óhugsandi. Það blasir svolítið við – finnst það satt að segja varla geta verið meira afgerandi. Hér þarf kerfisbreytingu.

Enn eru á teikniborði Landsnets lausnir sem þekja munu allar helstu þjóðleiðir samtímans. Þær byggja á hugmyndafræði sem á rætur í síðustu öld sem einkennist meðal annars af sífellt stækkandi „stofnbrautum“ sem á endanum leggja allt undir sig og ekkert fær þrifist í umhverfi þeirra. Það eru til aðrar lausnir, en þær munu ekki skila sér í núverandi kerfi silfraðra einkavina.

Rifjum upp hvernig Danir taka á móti ferðalöngum um Kastrup (Fbl. 5.03.2016) með opinn faðminn þar sem nútíma verkfræði sýnir sínar bestu hliðar – strax í aðfluginu. Þetta styður sterka ímynd Dana sem selja sérþekkingu sína á sviði vindorku um allan heim. Á Íslandi eru í gildi áætlanir sem fela í sér andstæðuna við þetta; flækjulegan skóg háspennumastra sem ætlað er að fylgja ferðalöngum hringinn í kringum landið, þvert yfir það og út á ystu tanga. Og sjónarspilið á að hefjast strax við Flugstöðina, ef fer sem horfir.

Nú er bara hægt að skora á ný stjórnvöld og benda á hið augljósa; brýn þörf er á kerfisbreytingu. Ekki er nauðsynlegt að leggja landið undir raforkuflutningskerfi til að byggja upp orkukerfi. Nýjar lausnir komast hins vegar ekki að við óbreyttar aðstæður. Nýsköpun, tækni- og vöruþróun á innviðasviði skilar engu án samkeppni, í umhverfi einokuðu af útvöldum sérhagsmunaliðum.

Ef nýsköpun er mikilvægt þema í nýjum stjórnarsáttmála ætti það að sjást á orkusviði. Því þarf breytingar. Með öðrum orðum: „We cannot solve problems with the same thinking we used when we created them.“ (Albert Einstein). Nýtum tækifærið.

# Jólaandinn í ferðaþjónustunni



**Inga Hlín Pálsdóttir**
forstöðumaður, ferðaþjónustu og skapandi greina hjá Íslandsstofu

Erlendir gestir koma í síauknum mæli til Íslands til þess að upplifa hér jól og áramót. Þeir vilja kynnast því hvernig við fögnum þessari einstöku hátíð, en á sama tíma geta notið náttúru, menningar, matar, afþreyingar, heitu lauganna og mögulega sjá norðurljósin. Þeir koma til Íslands til að upplifa frið og eitthvað allt annað en þeir þekkja heima fyrir. Hér hafa ferðamenn tækifæri til að upplifa jólastemninguna í kyrrð og ró um allt land hvort sem það er í Reykjavík, Akureyri, Ísafirði, Vík, Borgarnesi eða Keflavík.

Við erum gestrisin, og kannanir sem gerðar hafa verið meðal erlendra gesta sýna að Íslendingar eru góðir gestgjafar. Við tökum vel á móti okkar gestum og viljum tryggja að ferðamenn eigi héðan góðar minningar um land og þjóð sem þeir deila með vinum og vandamönnum. Ferðaþjónusta er orðin máttarstólpi í okkar atvinnulífi og það er mikilvægt að við vöndum okkur og tölum ekki okkur sjálf niður. Hinir erlendu gestir okkar gera Ísland svo sannarlega fjölbreyttara, skapa meiri afþreyingu, auka úrval veitingastaða, gera göturnar okkar líflegri og ýta undir þá

> **Fáum erlenda gesti sem eru á landinu til að taka þátt og kynnast okkar jólahefðum, en á sama tíma til að smella á loforðið um ábyrga ferðahegðun.**

hátíðarstemningu sem einkennir jólin.

Í haust setti Íslandsstofa af stað markaðsverkefnið „Ísland frá A-Ö“. Verkefnið er unnið með hagsmunaaðilum í ferðaþjónustunni undir merkjum Inspired by Iceland. Þar er megináhersla lögð á að nýta íslenska tungumálið til þess að kynna ólíka landshluta og hvetja til ábyrgrar ferðahegðunar. Þetta hefur gengið vonum framar og hefur kynningarmyndbandið „Erfiðasta karókílag í heimi“ ásamt stuttum kynningarmyndböndum um hvern landshluta fengið yfir sex milljón áhorf á YouTube. Áherslurnar vekja athygli erlendra fjölmiðla og hafa rúmlega 400 blaðagreinar birst um markaðsverkefnið.

Í byrjun desember förum við af stað með jóladagatal á samfélagsmiðlum Inspired by Iceland þar sem við kynnum A-Ö jólanna. Þar verða 32 orð, eitt fyrir hvern staf stafrófsins, útskýrð og sagt frá tengslum þeirra við íslenskar jólahefðir. Við hvetjum ykkur til þess að taka þátt og deila til vina og vandamanna. Fáum erlenda gesti sem eru á landinu til að taka þátt og kynnast okkar jólahefðum, en á sama tíma til að smella á loforðið um ábyrga ferðahegðun sem við kynntum á sumarmánuðum og yfir 30.000 ferðamenn hafa samþykkt á vef Inspired by Iceland. Því við vitum að Ísland er ekki eins og aðrir áfangastaðir og við þurfum að huga vel að öryggi og upplifun okkar ferðamanna, án þess þó að gleyma jólagleðinni og hátíðarandanum. Njótið hátíðanna.








Dagur Sigurðsson stýrir japanska landsliðinu á Asíuleikunum í janúar á næsta ári. Markmiðið er að lenda í einu af fjórum efstu sætunum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Besti skólinn að fara á stórmót

Dagur Sigurðsson er byrjaður að setja mark sitt á japanska landsliðið og japanskan handbolta. Hans verkefni er að byggja upp sterkt lið fyrir Ólympíuleikana á heimavelli 2020. Næsta verkefni eru Asíuleikarnir.

**HANDBOLTI** Dagur Sigurðsson hefur nú verið í nokkra mánuði í starfi landsliðsþjálfara Japans. Dagur tók við japanska landsliðinu eftir að hafa náð frábærum árangri sem landsliðsþjálfari Þýskalands. Undir stjórn Dags urðu Þjóðverjar Evrópumeistarar og unnu til bronsverðlauna á Ólympíuleikunum í Ríó.

Dagur hætti með þýska landsliðið eftir HM í Frakklandi og tók nokkuð óvænt við því japanska í sumar.

„Þetta er búið að vera mjög áhugavert og alltaf skemmtilegt að taka þessi fyrstu skref, endurnýja liðið, ákveða hvernig leikskipulagið á að vera og þróa taktíkina,“ sagði Dagur þegar blaðamaður Fréttablaðsins settist niður með honum á hans gamla heimavelli, Hlíðarenda.

Dagur mætir með sína menn í Laugardalshöllina 3. janúar næstkomandi þar sem þeir mæta íslenska landsliðinu. Leikurinn er liður í undirbúningi Japana fyrir Asíuleikana sem fara fram í Suður-Kóreu 18.-28. janúar. Japan er í riðli með Íran og Írak.

„Okkar stefna er að vera meðal fjögurra efstu liða sem myndi gefa okkur rétt til að spila á næsta heimsmeistaramóti. Besti skólinn fyrir mína menn væri að komast á stórmót upp á undirbúninginn fyrir Ólympíuleikana 2020,“ sagði Dagur.

„Þá viljum við vera samkeppnishæfir. Við vitum að það er svolítið langt í evrópsku liðin en smátt og smátt eigum við að geta orðið erfiðari við að eiga.“

Austurríska landsliðið var ekki hátt skrifað þegar Dagur tók við því 2008. En tveimur árum síðar lenti það í 9. sæti á EM á heimavelli.

„Að mörgu leyti er þetta svipað verkefni því deildirnar í Austurríki og Japan eru frekar litlar. Þetta væri ekkert ósvipað umhverfinu hjá íslenska landsliðinu ef allir leikmennirnir spiluðu í Olís-deildinni,“ sagði Dagur. Hann segir það ekkert sérstakt keppikefli að koma fleiri japönskum leikmönnum til Evrópu.

„Svo sem ekki. Það væri mjög ánægjulegt ef það myndi gerast. En á sama tíma væri gott ef deildin í Japan myndi þéttast og fleiri útlendingar kæmu inn til að fá meiri fjölbreytileika inn í deildina.“

Einn japanskur leikmaður, Ryuto Inage, gekk til liðs við Íslands- og bikarmeistara Vals í haust. Dagur kveðst ánægður með hans frammistöðu en hún hefur þó ekki dugað honum til að komast í landsliðið.

„Ég er mjög sáttur við hann. Hann er á barminum að komast í liðið hjá okkur. Hann er ekki í hópnum eins og staðan er núna. Þetta er eiginlega best mannaða staðan hjá mér,“ sagði Dagur. „Það gerði honum mjög gott að koma hingað og þurfa að spila á móti nýjum mótherjum og vera í nýjum aðstæðum.“

Dagur þekkir vel til japanska handboltans en hann spilaði um þriggja ára skeið með Wakunaga Hiroshima.

„Það var mikill skóli og kemur sér vel núna. Ég þekki umhverfið vel og það tók mig stuttan tíma að komast inn í hlutina. Þetta er allt annar menningarheimur og allt öðruvísi uppbygging á íþróttunum. Þetta eru fyrirtækjalið. Leikmennirnir eru æviráðnir og ekki með þá gulrót að ef þeir spila vel kemur betra lið og sækir þá,“ sagði Dagur en bílarisarnir Toyota og Honda eiga t.a.m. lið í japönsku deildinni.

Dagur segir að starfið hjá japanska sambandinu sé fjölþætt.

„Þetta er allt öðruvísi starf en þegar ég var með þýska landsliðið. Ég er ráðgefandi fyrir liðin, deildina og sambandið. Ég er meira í því að halda fyrirlestra og skóla þjálfara til,“ sagði Dagur sem kemur einnig að því að breyta dagatalinu í japanska boltanum til að gera landsliðinu auðveldara fyrir að spila alvöru landsleiki. **ingvithor@365.is**

## Eðlileg kynslóðaskipti hjá íslenska liðinu

Dagur fylgist að sjálfsögðu með íslenska landsliðinu. Hann hefur ágætis tilfinningu fyrir næstu skrefum þess.

„Ég held að liðið sé í mjög skemmtilegum breytingafasa. Það glittir í unga og ferska stráka. Við vorum vanir því að vera með mjög reynslumikið lið. Núna er óvissan meiri og sérstaklega þegar er farið á stórmót. Það er ákveðinn rússíbani,“ sagði Dagur og bætti því að það væri enn mikil reynsla í íslenska liðinu.

Eitt vinsælasta umræðuefnið þegar kemur að íslenska landsliðinu eru kynslóðaskiptin; hvort þau hafi komið of seint eða hvernig það ætti að útfæra þau. Landsliðsþjálfarinn Geir Sveinsson hefur t.a.m. sagt að það hefði ekki mátt bíða mikið lengur með þau. Dagur er ekki á því að kynslóðaskiptin hafi tafist of lengi.

„Ég held að þau hafi verið mjög eðlileg. Við vorum með gríðarlega sterkt lið sem var enn í fremstu röð. Það er ekkert óeðlilegt að menn hangi á því. Fyrir utan það voru margir þeirra sem voru að spila hérna heima ekki beint að sýna að þeir væru klárir í að taka við. Það voru ekkert margir sem hefðu átt að koma mikið fyrr inn, ef ég á að vera hreinskilinn.“




## Nýjast
**Olís deild karla í handbolta**

**Afturelding - FH 29-33**
**Markahæstir: Afturelding:** Elvar Ásgeirsson 11, Árni Eyjólfsson 5 - **FH:** Ásbjörn Friðriksson 8, Gísli Kristjánsson 6, Einar Eiðsson 6.

**Fram - Stjarnan 20-30**
**Markahæstir: Fram:** Matthías Daðason 5 - **Stjarnan:** Egill Magnússon 9.

| Efri | | Neðri | |
|---|---|---|---|
| FH | 22 | Afturelding | 11 |
| Valur | 19 | ÍR | 11 |
| ÍBV | 18 | Fram | 8 |
| Selfoss | 18 | Grótta | 7 |
| Haukar | 17 | Víkingur | 5 |
| Stjarnan | 13 | Fjölnir | 5 |

**Maltbikar karla í körfubolta**

**Njarðvík - KR 68-87**
**Stigahæstir:Njarðvík:** Maciek Baginski 20, Terrell Vinson 15, Logi Gunnarsson 15, Oddur Kristjánsson 8, - **KR:** Kristófer Acox 15, Björn Kristjánsson 15, Sigurður Á. Þorvaldsson 13, Darri Hilmarsson 11, Pavel Ermolinskij 11/8 stoðs, Brynjar Björnsson 10.

**Tindastóll - ÍR 78-74**
**Stigahæstir: Tindastóll:** Sigtryggur Arnar Björnsson 26, Antonio Hester 24, Brandon Garrett 11, - **ÍR:** Danero Thomas 18/9 fráköst, Ryan Taylor 17, Matthías Orri Sigurðarson 14.

**Breiðablik - Höttur 96-85**
**Stigahæstir: Breiðablik:** Jeremy Herbert Smith 27, Snorri Vignisson 20/, Ragnar Ragnarsson 13, - **Höttur:** Kevin Michaud Lewis 16, Andrée Fares Michelsson 16, Mirko Stefan Virijevic 14.
*Haukar, KR, Tindastóll og Breiðablik eru komin í undanúrslit.*

### HEPPNIN EKKI MEÐ CHELSEA
Dregið var í 16-liða úrslit Meistaradeildar Evrópu í gær. Tvær risaviðureignir verða á boðstólum; Evrópumeistarar Real Madrid mæta PSG og Englandsmeistarar Chelsea etja kappi við Barcelona. Juventus, silfurliðið frá því í fyrra, dróst gegn Tottenham. Hin ensku liðin sluppu nokkuð vel. Manchester City mætir Basel, Manchester United og Sevilla eigast við og Liverpool mætir Porto. Þá dróst Roma gegn Shakhtar Donetsk og Bayern München gegn Besiktas. Í 32-liða úrslitum Evrópudeildarinnar mætir Arsenal sænska liðinu Östersunds.

### INGIBJÖRG TIL DJURGÅRDEN
Ingibjörg Sigurðardóttir hefur skrifað undir tveggja ára samning við sænska úrvalsdeildarliðið Djurgården. Þar hittir hún fyrir stöllu sína í íslenska landsliðinu, Guðbjörgu Gunnarsdóttur. Ingibjörg kemur til Djurgården frá Breiðabliki sem hún hefur leikið með undanfarin ár. Ingibjörg hefur leikið sjö landsleiki, alla á þessu ári. Hún er fjórði Blikinn sem heldur í atvinnumennsku á stuttum tíma.



## Í dag
**19.50 Huddersf. - Chelsea** Sport
**22.00 Burnley - Stoke** Sport
**23.40 C. Palace - Watford** Sport

**Olís deild kvenna**
**19.30 Haukar - Fjölnir**
**20.00 Fram - Selfoss**

# SAMSUNG

# Jóladagar

## SAMSUNG

QLED / QE65Q7C
ULTRA HD PREMIUM GÆÐI,
PQI 3200 / QHDR 1500
**65" Kr. 359.900,-**




## SAMSUNG

MS660/XE
Soundbar með innbyggðum bassa
**Kr. 69.900,-**




**MU9005 / 55" OG 65"**
2700 PQI 10 bita. Motion rate 200. Sér tengi box.
**55" Kr. 229.900,-**




**MU7055 / 49" 55" OG 65"**
2400 PQI 10 bita. Motion rate 200. Sér tengi box.
**55" Kr. 219.900,-**




**MU6455 / stærðir 49" 55" 65"**
1600 PQI, 4K. Motion rate 100
**55" Kr. 170.000,-**




**MU6655 / stærðir 49", 55" og 65"**
1700 PQI, 4K. Motion rate 100
**55" Kr. 170.000,-**

ORMSSON
LÁGMÚLA 8 - SÍMI 530 2800

SAMSUNG SETRIÐ
SÍÐUMÚLA 9 · SÍMI 530 2900

samsungsetrid.is

| ORMSSON | ORMSSON | KS | SR BYGG | ORMSSON | PENNINN | ORMSSON | ORMSSON | ORMSSON | GEISLI | TÆKNIBORG | OMNIS | BLÓMSTURVELLIR |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| KEFLAVÍK | ÞRISTUR-ÍSAFIRÐI | SAUÐÁRKRÓKI | SIGLUFIRÐI | AKUREYRI | HÚSAVÍK | VÍK -EGILSSTÖÐUM | PAN-NESKAUPSSTAÐ | ÁRVIRKINN-SELFOSSI | VESTMANNAEYJUM | BORGARNESI | AKRANESI | HELLISSANDI |
| SÍMI 421 1535 | SÍMI 456 4751 | SÍMI 455 4500 | SÍMI 467 1559 | SÍMI 461 5000 | SÍMI 464 1515 | SÍMI 4712038 | SÍMI 477 1900 | SÍMI 480 1160 | SÍMI 481 3333 | SÍMI 422 2211 | SÍMI 433 0300 | SÍMI 436 6655 |

FRÉTTABLAÐIÐ

# TÍMAMÓT

## Merkisatburðir

**1947** Togarinn Dhoon strandar við Látrabjarg og björgunaraðgerðir heimamanna hefjast.

**1948** Sex manns farast er snjóflóð fellur á bæinn Goðdal í Strandasýslu.

**1963** Kenýa hlýtur sjálfstæði frá Bretlandi.

**1979** Jarðskjálfti og flóðbylgja valda dauða 259 manna í Kólumbíu.

**1987** Hótel Ísland er tekið í notkun með 90 ára afmælisveislu Blaðamannafélagsins.

**1990** Gísli Sigurðsson læknir, sem verið hafði gísl í Kúveit í fjóra mánuði, kemur aftur heim.

**1990** Sænska þingið samþykkir umsókn um aðild að Evrópusambandinu.

**2015** Parísarsamkomulagið er samþykkt á loftslagsráðstefnu Sameinuðu þjóðanna í París.

**2015** Konur fá í fyrsta sinn að kjósa í þingkosningum í Sádi-Arabíu.

---

✝

Okkar ástkæri

**Sigurður Hróbjarts Karlsson**

lést á öldrunarheimilinu Hlíð Akureyri 29. nóvember.
Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hins látna.

**Fyrir hönd ættingja og vina,**
**Hanný Inga Karlsdóttir Ingvi Hallgrímsson**

---



✝

Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Vilborg Guðjónsdóttir**

Miðtúni 42,

andaðist á Landspítalanum 10. desember síðastliðinn.
Útför verður auglýst síðar.

**Óskar Rafnsson**
**Ásta Karen Rafnsdóttir Sólveig Hafsteinsdóttir**
**Kjartan Rafnsson Birgir Gunnarsson**
**Sverrir Rafnsson Sigrún Garðarsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



✝

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Sigríður Björk Einarsdóttir**

Kveldúlfsgötu 28, Borgarnesi,

andaðist á Sjúkrahúsinu á Akranesi, föstudaginn 8. desember.
Útför hennar fer fram frá Borgarneskirkju, laugardaginn 16. desember kl. 14.00.

**Ingibjörg Þ. Friðgeirsdóttir Aðalsteinn Guðnason**
**Erla Friðgeirsdóttir Jón Gíslason**
**Jón Þór Friðgeirsson**
**Bjarki Már Baxter Martha Ásmundsdóttir**
**ömmu- og langömmubörn.**

---



✝

Innilegar þakkir til allra sem sýndu okkur hlýhug og vináttu við andlát og útför hjartkærs eiginmanns míns, föður okkar, tengdaföður, afa og langafa,

**Gunnlaugs Skúlasonar**

dýralæknis.

Sérstakar þakkir færum við starfsfólki í Vinaminni á Selfossi og á Heilbrigðisstofnun Suðurlands fyrir góða umönnun og hlýhug.

**Renata Vilhjálmsdóttir og aðrir aðstandendur.**

---



✝

Minningarathöfn um ástkæran eiginmann minn, föður okkar, fósturföður, tengdaföður og afa,

**Michael Valdimarsson**

flugstjóra hjá Air Atlanta,

sem lést á Háskólasjúkrahúsinu í Mainz, Þýskalandi, 16. nóvember 2017, verður kl. 14 fimmtudaginn 14. desember nk. í Kópavogskirkju. Blóm og kransar eru vinsamlega afþökkuð, en þeim sem vilja minnast hins látna er bent á Ljónshjarta – Samtök fyrir ungt fólk sem misst hefur maka og börn þeirra. Styrktarreikningur nr: 536-14-400960, kt. 601213-0950.

**Guðrún Ólöf Jónsdóttir**
**Þórunn Elísabet Michaelsdóttir**
**Daníel Hlynur Michaelsson**
**Ragnar Tjörvi Baldursson Hulda Freyja Ólafsdóttir**
**og dætur.**

---



✝

Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**Sigursteinn Marinósson**

dvalarheimilinu Hraunbúðum, áður Faxastíg 9, Vestmannaeyjum,

lést á heimili sínu síðastliðinn föstudag, í faðmi fjölskyldunnar. Útförin fer fram laugardaginn 16. desember frá Landakirkju í Vestmannaeyjum kl. 13.00.

**Ingibjörg Birna Sigursteinsdóttir Leifur Gunnarsson**
**Marinó Sigursteinsson Marý Ólöf Kolbeinsd.**
**Guðbjörg Hrönn Sigursteinsdóttir Halldór Sveinsson**
**Ester Sigursteinsdóttir Páll Hallgrímsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



✝

Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, vinur, afi og langafi,

**Þröstur Sigtryggsson**

skipherra,

lést laugardaginn 9. desember.
Útförin verður auglýst síðar.

**Sigtryggur Hjalti Þrastarson**
**Bjarnheiður Dröfn Þrastardóttir Sigurjón Þór Árnason**
**Margrét Hrönn Þrastardóttir Sigurður Hauksson**
**Kolbrún Þrastardóttir Magnús Pétursson**
**Hallfríður Skúladóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---

*Nærgætni, hlýja og virðing* *Við andlát ástvinar*





ÚTFARARSTOFA ÚTR REYKJAVÍKUR

**Ísleifur Jónsson** Útfararstjóri Farsími 821 5353
**Steinunn Magnúsdóttir** Útfararþjónusta Farsími 861 3441

Álfheimum 35, 104 Reykjavík
Sími 553 5353 og 821 5353
www.usr.is
isleifur@usr.is
**Þjónusta allan sólarhringinn**

---



✝

Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi, langafi og langalangafi,

**Þorkell Jónsson**

lést á dvalarheimilinu Sunnuhlíð 25. nóvember. Útförin fer fram frá Kópavogskirkju í dag þriðjudaginn 12. desember kl. 15.00. Aðstandendur þakka starfsfólki Sunnuhlíðar einstaka umhyggju.

**Kristín Þorkelsdóttir Helgi Óskar Óskarsson**
**Jón Gísli Þorkelsson María Höskuldsdóttir**
**Guðjón Þorkelsson Kristín Sigurðardóttir**
**Árni Þorkelsson Jakobína Jónsdóttir**
**og fjölskyldur.**

---



✝

Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**Kristleifur Guðbjörnsson**

fyrrv. lögreglumaður og bólstrari, áður til heimilis í Arkarholti 4, Mosfellsbæ,

lést á dvalar- og hjúkrunarheimilinu Höfða á Akranesi miðvikudaginn 6. desember. Útför fer fram frá Grafarvogskirkju fimmtudaginn 14. desember kl. 15.00.

**Gunnar Ó. Kristleifsson Þrúður Finnbogadóttir**
**Unnur S. Kristleifsdóttir Arnar Þór Ingólfsson**
**Hanna M. Kristleifsdóttir Þröstur Steinþórsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---




*Útfarar- og lögfræðiþjónusta*

Við önnumst alla þætti undirbúnings og framkvæmd útfarar ásamt vinnu við dánarbússkiptin. Við þjónum með virðingu og umhyggju að leiðarljósi og af faglegum metnaði.

ÚTFARARSTOFA KIRKJUGARÐANNA

**Útfararstofa kirkjugarðanna**

Vesturhlíð 2 Fossvogi | Sími 551 1266 | **útför.is**

---



✝

Eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**Guðmundur Ingi Elísson**

frá Hafgrímsstöðum,

lést miðvikudaginn 6. desember. Hann verður jarðsunginn frá Sauðárkrókskirkju þann 16. desember, kl. 13.00.

**Oddný Erla Oddsteinsdóttir**
**Alma Guðmundsdóttir**
**Snjólaug Guðmundsdóttir**
**Snæbjörn Guðmundsson**
**tengdabörn, barnabörn, barnabarnabörn.**

---



✝

Innilegar þakkir til allra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför bróður okkar,

**Gunnars Jens Þorsteinssonar**

Sambýlinu Siglufirði, áður til heimilis að Norðurgötu 9.

Sérstakar þakkir flytjum við núverandi og fyrrverandi starfsmönnum Sambýlisins fyrir einstaka væntumþykju og hlýju í garð Gunnars og fyrir að búa honum gott og notalegt heimili.

**Páll, Kristín Björg og Hannes**

---

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@365.is.**

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma 512 5000.

---



✝

Elskuleg frænka okkar,

**Anni María E. Hermannsdóttir**

Njarðarvöllum 2, Njarðvík,

sem lést þriðjudaginn 21. nóvember, hefur verið jarðsungin í kyrrþey að ósk hinnar látnu.

**Fyrir hönd aðstandenda,**
**Jón Þórður Andrésson og Sigrún Sigurðardóttir**

---



✝

Móðir mín,

**Birna Ólafsdóttir**

frá Ferjubakka, Reynimel 41,

lést 6. desember sl.
Útför hennar fer fram frá Neskirkju 15. desember kl. 13.00.

**Mjöll Snæsdóttir**

# Fólk

Heilsa

ÞRIÐJUDAGUR 12. DESEMBER 2017



Lyngonia er góð viðbót við sýklalyf til meðferðar á endurteknum þvagfærasýkingum. Það fæst í helstu apótekum án lyfseðils.

# Fyrsta jurtalyfið við þvagfærasýkingu

Lyfjastofnun samþykkti nýverið jurtalyfið Lyngonia frá Florealis en þetta er í fyrsta sinn sem jurtalyf er viðurkennt af lyfjayfirvöldum á Íslandi. →2








Elsa Steinunn Halldórsdóttir, þróunarstjóri Florealis ehf.

Lyfjastofnun samþykkti nýverið jurtalyfið Lyngonia frá Florealis en þetta er í fyrsta sinn sem jurtalyf er viðurkennt af lyfjayfirvöldum á Íslandi. Lyngonia er unnið úr sortulyngsútdrætti og fæst nú í helstu apótekum án lyfseðils.

„Fjölmargar konur upplifa endurtekna þvagfærasýkingu með tilheyrandi óþægindum. Í flestum tilfellum hafa konurnar notað ýmis ráð, allt frá því að drekka trönuberjasafa yfir í að fá tíma hjá lækni og meðhöndla sýkinguna með sýklalyfjum. Við erum mjög spennt fyrir að bjóða upp á fyrsta jurtalyfið á Íslandi sem er til meðferðar á einkennum vægrar, endurtekinnar þvagfærasýkingar, svo sem brunatilfinningu við þvaglát eða auknum þvaglátum hjá konum, eftir að alvarleg veikindi hafa verið útilokuð af lækni,“ segir Elsa Steinunn Halldórsdóttir, doktor í lyfja- og efnafræði náttúruefna og þróunarstjóri Florealis.

Fjölmargar rannsóknir hafa verið gerðar á virkni sortulyngs og hafa sambærileg lyf verið notuð við þvagfærasýkingum víða í Evrópu.

## Sortulyng var í lyfjaskrám árið 1926

Náttúran leikur veigamikið hlutverk í sögu lyfjafræðinnar því segja má að upphaf lyfjafræðinnar megi rekja til gróðurs jarðar. Plöntur framleiða mikið magn af efnum sér til varnar þar sem þær geta ekki flúið af hólmi þegar þær verða fyrir árás örvera, sveppa og annarra lífvera. Fyrir tíð sýklalyfja var jurtablanda úr sortulyngi algeng meðferð við slíkum sýkingum, en þess má geta að á sortulyng var fyrst minnst í lyfjaskrám árið 1926.

Lyngonia er fyrsta jurtalyfið sem samþykkt er á Íslandi en ný reglugerð um slík lyf tók gildi í Evrópu árið 2011. Elsa telur lyfið góða viðbót við sýklalyf við meðferð á endurteknum þvagfærasýkingum.

„Jurtalyfið er staðlað með tilliti til virkra efna sem tryggir að neytandinn fær alltaf réttan skammt af lyfinu sem er mjög mikilvægur þáttur til að tryggja verkun og öryggi lyfsins,“ segir Elsa.

## Ört stækkandi vörulína

Florealis er íslenskt lyfjafyrirtæki sem sérhæfir sig í þróun og markaðssetningu á jurtalyfjum og lækningavörum sem innihalda virk efni úr náttúrunni.

Vörulína Florealis fer ört stækkandi en auk Lyngonia fást Rosonia og Liljonia við óþægindum á kynfærasvæði, Aleria við bólum og óhreinindum í húð og Liljeria við frunsum.

„Við höfum fengið frábærar viðtökur við fyrstu vörunum okkar sem komu á markað hér á Íslandi í byrjun október. Í febrúar munu vörur Florealis fást í sænskum apótekum,“ segir Elsa að lokum.




Lyngonia jurtalyfið er fyrsta jurtalyfið á Íslandi til að hljóta viðurkenningu Lyfjastofnunar. MYND/STEFÁN

> **Við erum mjög spennt að bjóða upp á fyrsta jurtalyfið á Íslandi sem er til meðferðar á einkennum vægrar þvagfærarsýkingar.**
>
> Elsa Steinunn Halldórsdóttir




**Notkun:** Fullorðnar og aldraðar konur: 2 töflur 2–4 sinnum á dag. Ekki nota Lyngonia ef þú ert með einhverja truflun á nýrnastarfsemi. Hvorki ætlað þunguðum konum né konum með barn á brjósti, körlum eða börnum og unglingum yngri en 18 ára. Notið ekki lengur en viku. Ef einkenni eru viðvarandi í meira en 4 daga eða versna við notkun Lyngonia skal hafa samband við lækni. Þetta lyf er jurtalyf sem hefð er fyrir og tilgreinda ábendingin fyrir notkun þess er eingöngu byggð á langri sögu um notkun lyfsins. Lesið vandlega upplýsingar á umbúðum og fylgiseðli fyrir notkun lyfsins. Leitið til læknis eða lyfjafræðings sé þörf á frekari upplýsingum um áhættu og aukaverkanir. Sjá nánari upplýsingar um lyfið á www.serlyfjaskra.is

**Fólk er kynningarblað** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

**Útgefandi:** 365 miðlar
**Ábyrgðarmaður:** Svanur Valgeirsson

**Umsjónarmenn efnis:** **Elín Albertsdóttir,** elin@365.is, s. 512 5349 | **Ragnheiður Tryggvadóttir,** heida@365.is, s. 512 5367 | **Sólveig Gísladóttir,** solveig@365.is, s. 512 5351 **Sigríður Inga Sigurðardóttir,** sigriduringa@365.is, s. 512 5372 | **Starri Freyr Jónsson,** starri@365.is, s. 512 5358 | **Vera Einarsdóttir,** vera@365.is, s. 512 5357

**Sölumenn:** **Atli Bergmann,** atlib@365.Is, s. 512 5457 | **Jóhann Waage,** johannwaage@365.Is, s. 512 5439 | **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@365.Is, s. 512 5429 | **Ólafur H. Hákonarson,** olafurh@365.Is, s. 512 5433

# Meiri kynlöngun, minni kvíði

Þegar karlar komast á miðjan aldur fer magn testósteróns minnkandi hjá mörgum. Líkamleg einkenni geta verið margvísleg og hefur Macalibrium Revolution reynst mörgum afar vel.

Mikið hefur verið fjallað um breytingarskeið kvenna og hvaða áhrif þverrandi hormónaframleiðsla hefur á líf þeirra og störf. Umræður um breyttan hormónabúskap hjá körlum eru að verða meira áberandi en áður og ekki að ástæðulausu. Karlmenn, rétt eins og konur, finna fyrir breytingum þegar aldurinn færist yfir og staðreyndin er sú að fjölmargir karlar sem komnir eru á miðjan aldur glíma við einkenni sem rekja má til minnkandi framleiðslu testósteróns.


Hrönn Hjálmarsdóttir, heilsumarkþjálfi hjá Artasan.

## Kyngeta og svefntruflanir

„Einkenni lækkandi testósteróngilda eru margvísleg. Breytingar á hormónaframleiðslu gerast þó ekki jafn hratt og í jafn miklu mæli og hjá konum og eru einkennin því ekki alltaf jafn augljós. En eftir því sem árin líða og aldurinn færist yfir breytist líka samsetning líkamans. Hlutur fitu eykst gjarnan á kostnað vöðvamassa, það dregur úr beinþéttni, kynvirkni minnkar, fleiri eiga í erfiðleikum með kyngetu. Kvíði, vægt þunglyndi og svefntruflanir verður einnig algengara," segir Hrönn Hjálmarsdóttir, heilsumarkþjálfi hjá Artasan.


Flestir karlmenn finna fyrir einhverjum einkennum testósterónskorts einhvern tíma á lífsleiðinni.




## Einkenni testósterónskorts

Flestir karlmenn finna fyrir einhverjum einkennum testósterónskorts einhvern tíma á lífsleiðinni og hjá mörgum geta þau veruleg áhrif á daglegt líf. Þessi einkenni geta verið:

- Skapstyggð
- Svefntruflanir
- Þreyta og þróttleysi
- Einbeitingarörðugleikar
- Minni vöðvastyrkur
- Hitakóf
- Aukin líkamsfita
- Minni kynlöngun og erfiðleikar við stinningu
- Beinmassi minnkar (beinþynning)
- Lið- eða vöðvaverkir
- Þunglyndi

Þessi einkenni benda til þess að eitthvað verður að gera í málunum. Menn geta leitað til læknis og jafnvel beðið um mælingu á testósterónmagni til að vita hvort orsökin liggi þar og ákveðið svo í framhaldinu hvað sé best að gera.

## Jafnvægi á hormónabúskapinn

Eitt af því sem hefur reynst karlmönnum afar vel gegn minnkandi testósterónframleiðslu er inntaka á Revolution Macalibrium en það inniheldur Maca-OG™ sem er einkaleyfisvarin blanda ólíkra arfgerða maca-jurtarinnar og er sérstaklega ætlað karlmönnum. Maca er adaptógen (efni sem styrkir mótstöðuafl líkamans gegn streitu og utanaðkomandi áreiti) sem fyrirfinnst í náttúrunni og er m.a. þekkt fyrir að auka eigið viðnám líkamans gegn hvers kyns streituvöldum.

## Revolution Macalibrium hefur góð áhrif á:

- Orku og úthald
- Beinþéttni
- Kynferðislega virkni
- Frjósemi og almennt heilbrigði

Maca er afar virk rót og því er ráðlagt að byrja á því að taka 1 hylki á dag og bæta við öðru hylki eftir 1-2 vikur. Eftir 3-4 mánuði má minnka skammtinn aftur niður í 1 hylki en það gæti nægt til að viðhalda jafnvægi.

**Revolution Macalibrium** er með lífræna vottun í USA, Evrópu og Japan, er ekki erfðabreytt (non GMO) er með Fair Trade vottun eða sanngirnisvottun, er glúteinfrítt og hentugt fyrir grænmetisætur og vegan. Virkni Femmenessence hefur verið staðfest í rannsóknum og birt í virtum lækna- og vísindatímaritum.



Krill Oil
- öflugustu Omega 3 fitusýrurnar

Krill olía er omega 3 í sinni hreinustu og öflugustu mynd, sótt í Suðurskautshafið sem er hreinasta hafsvæði veraldar. Líkaminn á mjög auðvelt með að nýta sér fitukeðjurnar í krillinu og ekkert eftirbragð er eftir inntöku.




„Eftir að ég fór að taka Krill olíuna finn ég mjög mikinn mun á mér og þá sérstaklega húðinni"

Kristófer Fannar Stefánsson

natures aid




Fæst í apótekum, heilsubúðum og heilsuhillum verslana.

# Einblínir á innri styrkleika

## Áslaug Björt Guðmundsdóttir hefur gefið út dagbók sem inniheldur ráð til sjálfsræktar og innri vellíðunar. Hún segir mikilvægt að byggja sig upp frekar en setja sér of ströng markmið.

Ragnheiður Tryggvadóttir
heida@365.is



Ég hef alltaf haft áhuga á mannrækt í sinni víðustu mynd – það að efla gleðina í lífi sínu, leggja rækt við styrkleika sína og hæfileika, efla sjálfsvitund sína og eigið innsæi,“ segir Áslaug Björt Guðmundsdóttir, en hún gefur út dagbókina Árið mitt, annað árið í röð, sem inniheldur leiðbeiningar og ráð til sjálfsræktar og persónulegar stefnumótunar, eins og hún lýsir því.

„Ég sest sjálf alltaf niður um hver áramót og geri „persónulega stefnumótun“ fyrir árið. Hvaða svið eru það til dæmis í lífi mínu sem mig langar til að leggja áherslu á? Það getur verið misjafnt eftir því hvar ég er stödd á æviskeiðinu eða í lífinu. Stundum er það fjölskyldan, stundum eru það fjármálin, stundum snúast markmiðin um hvaða drauma ég ætla að láta rætast, hverju ætla ég loksins að láta verða af? Ég sé þetta fyrir mér eins og köku og þá eru það mismunandi sneiðar sem ég einblíni á í hvert skipti. Svo datt mér í hug að búa til bók og þá var upplagt að hafa sneiðarnar tólf, jafnmargar mánuðum ársins,“ útskýrir Áslaug.



„Ég sest sjálf alltaf niður um hver áramót og geri „persónulega stefnumótun“ fyrir árið,“ segir Áslaug Björt Guðmundsdóttir en hún gefur út dagbók með ráðleggingum til sjálfsstyrkingar. MYND/STEFÁN

> En það er mjög auðvelt fyrir fólk að nýta sér þessa aðferðafræði persónulega.

„Ég set sneiðarnar upp eins og hamingjuhjól með tólf hamingjulyklum sem ég hef ákveðið hverjir eru. Lesandinn fær ákveðnar spurningar, hugleiðingar eða verkefni, sem hjálpa til við að móta það hvernig fólk ætlar sér að vinna með efni hvers mánaðar. Fólk getur einnig nýtt sér einungis aðferðafræðina og sett inn eitthvað annað.“

Áslaug er rekstrarfræðingur, með MA í mannauðsstjórnun og BA í ritlist. Hún gaf út smásagnasafnið Himnaljós árið 2015, Árið mitt 2017 kom út í fyrra og á þessu ári komu út bækurnar Your Inner Iceland og Árið mitt 2018. Hún segir auðveldlega mega heimfæra hugtök í mannauðsstjórnun yfir á persónuleg markmið og áramótaheit.

„Þetta er ekki svo ólíkt. Fyrirtæki þekkja hugtök eins og „hlutverk“ og „stefna“ og nota ýmsar aðferðir til að vinna að ákveðinni sýn og að því að allir innan fyrirtækisins séu að stefna í sömu átt. En það er mjög auðvelt fyrir fólk að nýta sér þessa aðferðafræði persónulega,“ segir Áslaug og er þegar farin að huga að næstu bók.

„Reyndar hef ég velt því fyrir mér að efnið þurfi ekki endilega að vera í dagbókarformi, það er aldrei að vita hvað getur orðið. Mig langar til að gefa út bók sem ekki er tímatengd. En líklega yrði dagbókin alltaf með líka. Áramótin eru tíminn sem fólk vill fara yfir hlutina og koma skikki á líf sitt. En það sem ég legg áherslu á í þessari bók er gleði og jákvæðni og að einstaklingurinn blómstri og efli styrkleika sína. Skilaboðin eru alls ekki í formi þess að setja sér ógurlega ströng markmið og hamast á sér með svipuna. Ég er ekkert fyrir það sjálf og ákvað strax að bókin yrði ekki þannig,“ segir Áslaug. „Ég vil miklu frekar hvetja fólk til þess að líta inn á við og finna hvað það er sem gefur því vellíðan og gera bara meira af því. Þá er maður á réttri leið.“

> „Reyndar hef ég velt því fyrir mér að efnið þurfi ekki endilega að vera í dagbókarformi, það er aldrei að vita hvað getur orðið. Mig langar til að gefa út bók sem ekki er tímatengd.“







Í kvöld kl. 20:00

Kyrrðarstund í Laugarneskirkju við Kirkjuteig
Sigurður Skúlason – hugleiðing á aðventu
Birgitta Sveinbjörnsdóttir – Jóga Nidra slökun
Baldvin Snær Hlynsson – píanóleikur
Piparkökur og te frá Heilsustofnun

Allir velkomnir

Berum ábyrgð á eigin heilsu

NÁTTÚRULÆKNINGAFÉLAG REYKJAVÍKUR NLFR






20% afsláttur

Stilltu magann á aðventunni

Losaðu þig við uppþembu og meltingartruflanir eftir þunga máltíð með Gellexier. Birch er svo aftur vatnslosandi birkisafi sem flýtir fyrir því að bjúgur minnki eða hverfi eftir saltan mat.

**Komdu í Lyfju og fáðu þessar vörur á 20% afslætti til áramóta.**

lyfja.is

LYFJA – Lífið heil

# Bókajól

ÞRIÐJUDAGUR 12. DESEMBER 2017

Kynningar: Forlagið, Penninn Eymundsson, Sæmundur útgáfa, Drápa útgáfa, Óðinsauga, Veröld



Bryndís Loftsdóttir segir að hin rótgróna hefð að gefa bók í jólagjöf styrki bókina og þar með íslenskuna. MYND/ANTON

## Bókin er í þjóðarsálinni

Bókin er jólagjöf Íslendinga og hefur verið það lengi. Fyrir einhverjum árum var óttast að hún ætti undir högg að sækja í raftækjavæddum heimi en síðustu ár hefur bókin snúið vörn í sókn enda er vonandi að neysla á afþreyingu gegnum snjalltæki hafi nú náð hámarki. Bryndís Loftsdóttir hjá Félagi íslenskra bókaútgefenda veltir fyrir sér jólabókaflóðinu. →2

**Framhald af forsíðu ➪**

**Brynhildur Björnsdóttir**
brynhildur@365.is



Íslenskar skáldsögur og ævisögur voru lengi framan af mest seldu bækurnar en ævisögurnar hafa alltaf gengið í bylgjum og kannski ekkert langt síðan þær fóru niður bæði í útgefnum titlum og sölu. Nú eru margar ævisögur að koma út og mér sýnist salan fara ágætlega af stað og dreifast vel á milli titla,“ segir Bryndís sem starfaði við bóksölu í mörg ár áður en hún réð sig til bókaútgefenda. „Í fyrra sáum við að það voru þrjár ævisögur sem stóðu upp úr, Vigdís Gríms með bókina um Draumu, Steinunn Sigurðardóttir sagði frá Heiðu fjalldalabónda og svo var Tvísaga Ásdísar Höllu Bragadóttur. Allt sögur kvenna og skrifaðar af konum sem var skemmtilegt. En nú eru það til dæmis ævisögur Mikaels Torfasonar, Jóhönnu Sigurðardóttur, Helga Tómassonar, Alla Rúts og Önnu Kristjánsdóttur sem vekja athygli og svo bækur eins og bókin hans Jóns Gnarr um hana Jógu.“

Snjalltækjavæðingin hefur einkum valdið áhyggjum af lestri barna. „Það hefur verið mikil vakning í þjóðfélaginu út frá lestrarkönnunum og fólk er almennt að gera sér grein fyrir því að það þarf að halda bókum að börnum í allri þessari samkeppni um tíma okkar og barnanna,“ segir Bryndís og bætir við: „Ef ég ætti að greina eitthvað í söluþróun á þessu ári frá því í fyrra er það að bæði glæpasögur og barnabækur fara mjög vel af stað. Það eru að koma út mjög flottar bæði þýddar og íslenskar barnabækur í miklu magni, eitthvað á bilinu 250 til 300 titlar af barna og unglingabókum sem ber vott um töluverða grósku.“



**Bryndís telur að yfirtaka snjalltækja á tíma fólks hafi toppað sig og senn muni bókin og snjalltækin þrífast hlið við hlið.**

Hún segir margar hnausþykkar og vandaðar fræðibækur hafa verið áberandi undanfarin ár og þá sé ljóðið á góðri siglingu en margir hafa haft áhyggjur af stöðu þess. „Við sjáum tvær ljóðabækur tilnefndar til Íslensku bókmenntaverðlaunanna og ný kynslóð höfunda er að brjóta fyrstu bókarmúrinn. Það er kannski ekki verið að selja ljóðabækur fyrir háar fjárhæðir alla jafna en við erum samt að sjá meiri sölu en áður og mikið lagt í hönnun þannig að margar ljóðabækur nálgast að vera myndlistarverk, mjög fallegir gripir.“ Hún bendir á að mögulega megi rekja þessa grósku til kennslu í ritlist í Háskóla Íslands sem sé að skila nýjum höfundum út á markaðinn. „Í fyrsta skipti í bókatíðindum eru fimm ljóðarafbækur sem er skemmtilegt.“

> **Við þurfum kannski að vera meira afgerandi í því að taka stjórn á eigin lífi af raftækjunum.**

Aðspurð um framtíð bókarinnar segist hún ekki hafa teljandi áhyggjur. „Við þurfum kannski að vera meira afgerandi í því að taka stjórn á eigin lífi af raftækjunum. Taka okkur bók í hönd öðru hvoru. Bóklestur er bæði slakandi og gríðarlega mikilvægur fyrir tungumálið okkar sem við verðum að hlúa að og það gerum við með því að lesa bækur sem býður upp á lengri og þolinmóðari lestur en fyrirfinnst á samfélagsmiðlunum. En mér finnst að samfélagsmiðlarnir séu búnir að toppa sig. Þeir verða auðvitað alltaf samhliða en ekki með yfirhöndina endilega.“

Hún bendir enn fremur á að hin fallega íslenska hefð að gefa bók í jólagjöf styrki bókina mjög og geri það að verkum að bókin verður sterk í allri umræðu í kringum jólin og fyrstu mánuðina á nýju ári. „Bókin er í þjóðarsálinni og það er stærsta akkerið.“

# Maðurinn að granda jörðinni

## Í bókinni Fjallið sem yppti öxlum fer Gísli Pálsson prófessor með lesendur í persónulegt ferðalag í nábýli við eldfjöll og mannlegt drama andspænis náttúruvá og ógnum sem steðja að lífríki jarðar.

Við lifum á mannöldinni; því skeiði mannsins sem hann stígur nú og er að granda jörðinni ef hann nær ekki að spyrna við fótum innan fáeinna ára,“ segir Gísli Pálsson, prófessor í mannfræði við Háskóla Íslands. „Mannöld er hugtak sem jarðvísindamenn settu fram um árþúsundamótin 2000 og flestir telja hana hafa byrjað um miðja síðustu öld með vaxandi geislun, mengun og orkunotkun.“

Gísli var að senda frá sér bókina „Fjallið sem yppti öxlum: maður og náttúra“.

„Fjallið sem yppti öxlum er Helgafell á Heimaey í Vestmannaeyjum. Í hlíðum fjallsins var Axlarsteinn, þar sem börn léku sér forðum, og er talið að gosið í Heimaey hafi hafist 1973. Það er tilhneiging að tala um höfuð og axlir á eldfjöllum og kannski má líta svo á að þau yppi öxlum þegar þau gjósa,“ útskýrir Gísli um titil bókarinnar.

Bókin er í aðra röndina sjálfsævisöguleg, en um leið er hún ákall til almennings um að sinna jörðinni og aðkallandi vanda hennar.

„Ég fann hjá mér þörf til að leita á slóðir bernskunnar, huga að rótunum og landinu sem ól mig. Það tengist rannsóknum mínum á þýðingu jarðarinnar fyrir mannlíf, og gagnrýni á aðskilnað mannlífs og jarðar. Manneskjan er í stöðugu jarðsambandi en hefur þó misst sjónar á því. Við hrökkvum við þegar jörð skelfur eða gýs, en í raun og sann snertir jörðin okkur alltaf og á það höfum við sérstaklega verið minnt á síðustu árum og áratugum, eða á þessari mannöld þegar maðurinn er jafnt og þétt að setja varanlegt mark sitt á plánetuna,“ segir Gísli.

Hann er fæddur og uppalinn í Vestmannaeyjum.


*Gísli Pálsson er prófessor í mannfræði við Háskóla Íslands.* MYND/EYÞÓR

„Bókin er um mig í grennd við eldfjöll. Ég nota þann örheim sem ég ólst upp í, og þann örheim sem Heimaeyjargosið átti sér stað í, sem tæki til að ræða svipuð vandamál á miklu stærri skala; eða vandamál heimsins. Í Eyjagosinu bjargaðist 5.000 manna samfélag á land á einni nóttu, og má segja að mannkynið sé nú í svipuðum sporum en sjái ekki til lands. Það gæti þó komið sér til Þorlákshafnar ef það hygði strax að vandanum og sínu nærumhverfi,“ segir Gísli.

Hann segir gluggann vera að lokast, sé horft raunsæisaugum á umhverfisvanda mannkyns.

„Allt bendir til þess að sjávaryfirborð hækki um þrjá metra á þessari öld og heilu borgirnar, eins og Miami og Sjanghæ, fari að stórum hluta undir sjó. Þá eykst mengun koltvísýrings í andrúmslofti hratt og bráðnun jökla, en þótt útlitið sé svart er enn möguleiki að spyrna við fótum og minnka vandann.“

### Jörðin er í mönnunum

Fjallið sem yppti öxlum er hvalreki fyrir þá sem hafa áhuga á sjálfsævisögulegum stefjum og eru áhugamenn um náttúruvernd og tengsl manns og umhverfis.

„Mönnunum hættir til að líta á jörðina sem leiksvið þar sem mennirnir standa ofan á sviðinu og gera það sem þeim sýnist á meðan þeir lifa sínu lífi, tiltölulega óháðir sviðinu sjálfu. Lengst af hefur fræðaheimurinn verið algjörlega tvískiptur, þar sem jarðvísindamenn hafa fjallað um leiksviðið en hug- og mannvísindi um leikinn á sviðinu,“ útskýrir Gísli, en bætir við að tvískiptingin gangi ekki.

„Því jörðin er í okkur mönnunum. Við erum að hluta til gerð úr steinefnum og erum í jörðinni, en þessi brjálaði umhverfisvandi sem við stöndum frammi fyrir nú, þar sem við erum að breyta plánetunni varanlega og jafnvel óafturkræft, minnir okkur á að við erum bundin jörðinni og eigum skyldum að gegna gagnvart henni.“

Spurður hvað maðurinn geti gert upp á eigin spýtur til að faðma og líkna jörðinni, svarar Gísli:

„Fyrsta skrefið er að horfa sér nær; hugleiða hvað sé að gerast hjá okkur sjálfum og hvað við getum gert til að bæta umgengni okkar á jörðinni. Að sporna við plastnotkun hefur mikil áhrif, að nota almenningssamgöngur og vistvæna orku sem dregur úr koltvísýringi,“ segir Gísli sem hefur haft ríkan áhuga á náttúruvernd og jarðvísindum frá því hann hóf mannfræðinám um 1970.

„Á mannöld hefur umhverfið orðið viðameiri þáttur innan mannfræðinnar. Við þurfum enda að vita hvernig menn hugsa og bregðast við. Ekki er lengur nóg að horfa á kúrfur um aukinn koltvísýring í andrúmslofti og kortleggja áhrif bráðnunar jökla á hækkun yfirborðs sjávar; við þurfum að horfa á hvernig fólk bregst við þessum breytingum og hvaða hömlur þar eru í samfélagi og menningu sem valda því að mannkyninu gengur verr en skyldi að glíma við þetta.“

### Gamla húsið í ljósum logum

Gísli flutti frá Vestmannaeyjum fjórum árum fyrir gos. Í dramatískum kafla í bókinni segir hann frá því þegar hann heyrði fyrst af gosinu, þá staddur í framhaldsnámi í Manchester á Englandi.

„Ég hafði í fyrstu enga trú á að gysi í Eyjum en fékk það svo staðfest síðar um daginn. Það var áfall þótt mín nánasta fjölskylda væri flutt upp á land og ég reyndi að hringja heim sem var ekki auðvelt enda allar línur uppteknar,“ segir Gísli sem fór til Vestmannaeyja í ágúst 1973, tveimur mánuðum eftir goslok.

„Þá gekk ég um mínar heimaslóðir og komst að raun um að húsið þar sem ég fæddist og ólst upp var farið undir hraun. Það snart mig mjög og sérstaklega síðar meir þegar ég fékk ljósmyndir af þeim atburði þegar húsið féll. Þá dúkkaði mynd af húsinu í ljósum logum upp á Facebook og kom á daginn að æskuvinur minn hafði tekið myndina fyrir hreina tilviljun á þessu augnabliki og náði nokkrum æpandi litmyndum til viðbótar. Ég nota þær í bókinni. Myndirnar kveiktu í mér og fjölskyldunni, og má segja að þær hafi ýtt hlassinu af stað.“

Að bókin sé skrifuð með sjálfsævisögulegu stefi segir Gísli ekki eingöngu vera nostalgíu höfundar.

„Í dag er vaxandi viðurkenning á því að sá sem heldur utan um pennann þurfi að staðsetja sig í sögunni til að gefa lesendum kost á að meta það sem skrifað er. Rétt eins og í hagsmunaskrám í pólitík þarf höfundur að vera heiðarlegur um uppruna sinn og hvar hann stendur svo að lesandinn geti vegið og metið hlutina og gert sér grein fyrir hlutdrægni. Þetta er líka umdeilt. Sumir veigra sér við að opinbera eigið líf og ímynda sér að þeir geti horft á hlutina úr fjarlægð, en það er gamaldags viðhorf. Við höfundar erum bundnir af stað og stund, rétt eins og allir aðrir.“

Lesendur kynnast því persónu Gísla við lesturinn.

„Ég hafði gaman af því að staðsetja mig á staðnum um leið og ég velti fyrir mér jörðinni og náttúruvá. Ég gekk til dæmis á Heklu til að finna hraun sem er næst mér í aldri, úr gosinu 1947, og segi frá reynslunni í Vestmannaeyjum og göngu minni á Drangajökul. Allt lífgar það upp á pælinguna og setur hlutina í skemmtilegt samhengi.“

**Útgefandi:** 365 miðlar | **Ábyrgðarmaður:** Svanur Valgeirsson | **Sölumaður auglýsinga:** Ólafur H. Hákonarson, olafurh@365.is, s. 512 5433 | **Veffang:** Visir.is

# Glaðningur fyrir bókelska þjóð

Íslendingar eru heimsfræg bókaþjóð. Þeir eiga sér draum um jólabók undir jólatrénu. Bók til að kúra með í jólaljósum og jólafriði, með konfekt og mandarínur í ævintýrum, fróðleik og rómantík.




Smartís, eftir Gerði Kristnýju. Launfyndin og meitluð saga fyrir þá sem vilja rifja upp stemninguna á níunda áratugnum.




Gulbrandur Snati, eftir Brynhildi Þórarinsdóttur. Fyrir þá sem vilja hressa og skemmtilega barnabók um ævintýralegar verur og nammisjúka njósnara.




Hönnunarbókin. Bók fyrir alla fagurkera. Farið er yfir sögu hönnunar í máli og myndum.




Litbrigði húsanna, eftir Guðjón Friðriksson. Fyrir áhugafólk um sögu húsanna í bænum og endurgerð bygginga. Falleg og eiguleg bók.




Elín, ýmislegt, eftir Kristínu Eiríksdóttur. Fyrir bókmenntafólkið sem vill listilega ofnar og dularfullar skáldsögur sem sitja í lesandanum.




Vertu ósýnilegur, eftir Kristínu Helgu Gunnarsdóttur. Flóttasaga unglingsstráksins Ishmaels, sem flýr stríðshrjáð heimaland sitt í Sýrlandi og endar á Íslandi, lætur engan ósnortinn.




Pottur, panna og Nanna eftir Nönnu Rögnvaldardóttur. Fyrir alla matgæðinga.




Brotamynd, eftir Ármann Jakobsson. Gæðaskáldsaga úr samtímanum.




Geimverur – leitin að lífi í geimnum, eftir Sævar Helga Bragason. Bók fyrir fjölskylduna alla. Það er gott að setjast niður saman og ræða um heima og geima.




Fjallið sem yppti öxlum, eftir Gísla Pálsson. Handa þeim sem vilja ekki skáldsögur en hafa áhuga á umhverfismálum og íslenskri náttúru.



LANDSINS MESTA ÚRVAL BÓKA Bókabúð Forlagsins | Fiskislóð 39 | www.forlagid.is | Opið alla virka daga 10–18 | Um helgar 11–19

# Mikilvæg hverju samfélagi

Staða barnabóka fyrir yngsta skólastigið er að mörgu leyti góð hér á landi en þó vantar upp á útgáfu fyrir miðstigið og unglingana að sögn Grétu Bjargar Ólafsdóttur, deildarstjóra barnastarfs á Bókasafni Kópavogs. Hún segir bókasöfn vera mjög mikilvæg hverju samfélagi.

Starri Freyr Jónsson
starri@365.is



Undanfarinn áratug hefur Gréta Björg Ólafsdóttir, deildarstjóri barnastarfs á Bókasafni Kópavogs, sinnt yngstu kynslóðum lestrahesta í Kópavogi og Garðabæ. Hún segir stöðu barnabóka fyrir yngsta skólastigið að mörgu leyti góða en þó vanti upp á útgáfu fyrir miðstigið og unglingana. Bókum sé hins vegar haldið miklu markvissar að börnum núna heldur en áður, enda séu bæði heimili og skólar meðvituð um mikilvægi lestrarhvatningar, nú þegar mjög margt annað keppir um athyglina. „Það er ekki bara tæknin sem er frek til fjörsins, heldur er skóladagurinn líka langur og margir í tímafreku tómstundastarfi því til viðbótar. Það þarf því að hjálpa börnunum að verja frítíma sínum á uppbyggilegan hátt. Þeim finnst alveg jafnauðvelt og okkur að brotlenda fyrir framan skjá eftir langan dag. En oft þarf ekkert meira en að vera gott fordæmi, ef börn sjá foreldra sína og fyrirmyndir lesa þá skynja þau bókina sem raunverulegan valkost.“



„Lesskilningur er gríðarlega mikilvægur til þess að maður geti tekið fullan þátt í samfélaginu,“ segir Gréta Björg Ólafsdóttir, deildarstjóri barnastarfs á Bókasafni Kópavogs. MYND/EYÞÓR

## Lesskilningur mikilvægur

Einnig hefur orðið mikil breyting á því hvað ungir lestrarhestar hafa nú gott aðgengi að nýjum bókum við þeirra hæfi að sögn Grétu Bjargar. „Það hefur orðið vakning hvað varðar útgáfu skemmtilegra bóka með góðu letri og línubili sem hjálpa krökkum að öðlast sjálfstraust við lesturinn. Bókaseríur eru líka áberandi þessi árin, eftir svolitið hlé. Seríurnar eru mjög lestrarhvetjandi og halda fólki við efnið, þó það geti komið lesendum í opna skjöldu þegar söguhetja sem var sjö ára við upphaf seríu er allt í einu farin að raka sig og hugsa um ástina.“

Einnig segir hún skemmtilegt hvað fræðibækur fyrir börn gefast vel um þessar mundir, sérstaklega þar sem umbrot og texti vinna vel saman. Slíkar bækur séu bæði aðlaðandi og fróðlegar. „Annað sem ég finn að hefur breyst er að höfundurinn er orðinn miðlægari persóna en hann var áður. Krakkarnir þekkja höfundana úr skólaheimsóknum og sækjast eftir því að lesa bækur tiltekinna skálda.“

Minnkandi lestur unglinga og um leið minna framboð bóka fyrir þann aldurshóp er áhyggjuefni að mati hennar. „Við finnum það glöggt hérna á safninu að krakkar draga mjög úr lestri með aldrinum. Heimsóknunum fækkar smám saman frá því þau eru svona tíu ára og svo hættum við smám saman að sjá þau. Þetta helst auðvitað að einhverju leyti í hendur við það að það koma fáar bækur út fyrir þennan aldurshóp og þetta er áhyggjuefni. Lesskilningur er gríðarlega mikilvægur til þess að maður geti tekið fullan þátt í samfélaginu og almennilegan lesskilning öðlast maður ekki nema með lestri lengri texta.“

> **Þeir dagar eru liðnir að bókasöfnin geti verið rykfallnar bókageymslur, söfnin þurfa að vera spriklandi af lífi.**
>
> Gréta Björg Ólafsdóttir

## Söfn hafa breyst

Bókasöfn er mjög mikilvæg hverju samfélagi að sögn Grétu Bjargar. Söfnin þurfa að vera notalegur staður til að heimsækja, nokkurskonar heimili að heiman, þar sem er boðið upp á fjölbreytta viðburði, aðstöðu til sköpunar og miðlunar og griðastað í annríki hversdagsleikans. „Við á söfnunum þurfum líka að vera síkvik og tilbúin til þess að bjóða stöðugt upp á nýjungar. Þeir dagar eru liðnir að bókasöfnin geti verið rykfallnar bókageymslur, söfnin þurfa að vera spriklandi af lífi. En ég hef trú bæði á lesendum og barnabókum. Ef börnin fá bæði góðar bækur og góðan tíma, þá smellur þetta allt saman á endanum.“

# Elskhugi sem aldrei gleymdist

Kristín Jóhannsdóttir bjó í Leipzig síðustu árin fyrir fall Berlínarmúrsins. Í bókinni Ekki gleyma mér lýsir hún lífinu í Austur-Þýskalandi og leit sinni að ástmanni sem hvarf þegar múrinn féll.

Kristín Jóhannsdóttir er forstöðumaður Eldheima í Vestmannaeyjum. Hún var um langt árabil fréttaritari Ríkisútvarpsins í Berlín. Árið 1987 bjó hún í Austur- Þýskalandi í nokkra mánuði og kynntist manni sem hún lýsir svo á bókarkápu: „Hann hafði verið maðurinn í lífi mínu, með honum átti ég fallegustu og æðisgengnustu daga og nætur ævinnar á dögum undirliggjandi ótta og einræðisstjórnar Þýska alþýðulýðveldisins. Af hverju hvarf hann fyrirvaralaust úr lífi mínu?“

Eins og sést á þessum texta er þetta afar persónuleg bók. „Hvatinn að skrifunum var, eins og segir á kápunni, að mig langaði að vita hvað varð um strák, kærasta sem ég átti þegar ég var ung í námi í Austur-Þýskalandi áður en múrinn fellur,“ segir Kristín. „Bókin hefst ekki í símaskránni eða hagstofunni, mig langaði einfaldlega til að vita: var hann Stasi-maður eða ekki? Leipzig er er mikil uppáhaldsborg hjá mér og smám saman fór mig að langa til að púsla saman þessari sögu, bæði af okkur og einnig hvernig var að búa í Leipzig áður en múrinn féll. Titillinn á bókinni er Ekki gleyma mér, ég á ekki þá setningu en hún fellur vissulega einhvers staðar um miðja bók á mjög dramatísku augnabliki.“

Kristín segir að reynsla sín sem blaðamaður og fréttaritari hafi vissulega hjálpað sér við skrifin. „En þegar ég var fréttaritari varð allt að vera svo hnitmiðað og þess vegna var svo gaman að fá að kafa niður í efnið í þessum skrifum. Ég ætlaði kannski ekkert endilega að verða rithöfundur en ég á þessa áhugaverðu fortíð og svo fléttast saman við hana sýn mín á Austur-Þýskaland, heilmikill fróðleikur um hvernig þessi veröld kom okkur Vesturlandabúum fyrir sjónir, hvernig daglegt líf var og hvernig fólki ég kynntist. Oft fannst mér að ég væri að leika í bíómynd, þetta gæti ekki verið veruleikinn.“



Kristín Jóhannsdóttir starfar sem safnstjóri í Eldheimum í Vestmannaeyjum.

Kristín hélt dagbók þegar hún var í Austur-Þýskalandi og það hjálpaði heilmikið til. „Það eru svo margir að skrifa ævisögur og ég skil ekki hvernig fólk getur skrifað ævisögur og munað allt sem gerðist marga áratugi aftur í tímann án þess að skrifa dagbók. Þegar ég fór að lesa dagbókina aftur eftir að hafa ekki snert á henni í tuttugu og fimm ár voru það smáatriðalýsingarnar, allir þessir litlu hlutir sem gera mér kleift að draga upp þessa mynd, það er ekki möguleikið að ég hefði munað öll þessi litlu smáatriði ef ég hefði ekki haft dagbókina.“

Kristín segir það meðvitaða ákvörðun að hafa ekki myndir í bókinni. „Bæði á ég ekki mikið af myndum frá þessum tíma en það kemur líka fram í byrjun bókar að ég þarf á sumum stöðum að færa í stílinn, breyta nöfnum og aðstæðum og þess háttar af því maður gengur gríðarlega nærri fólki sem maður þekkir og þekkti. Og þess vegna eru heldur engar myndir. Á forsíðunni er reyndar gömul mynd af mér sem var tekin á ljósmyndastofu í Leipzig á þessum árum og það var meira útgefandinn sem vildi setja hana á forsíðuna en ég. En núna finnst mér það skemmtilegt því það er einmitt þessi stelpa sem var í Leipzig, þetta er ekki virðulegi safnstjórinn í Vestmannaeyjum sem er að skrifa. Mér finnst líka að þegar maður er að gera svona á annað borð þýði ekkert að vera spéhræddur og sleppa því sem mótar atburði og líðan, hvort sem við erum að tala um erótík eða lýsingar á erfiðum atburðum og þá læt ég dagbókina tala.“




> **Ég keypti Ekki gleyma mér í Eymundsson að morgni dags, byrjaði að lesa í hádeginu, ýtti öllum dægurverkum til hliðar og las fram undir kvöldmat. Gat ekki hætt fyrr en bókin var lesin til enda.**
>
> **Pólitík? Já! Mannkynssaga? Já! Ástarsaga? Já, heldur betur! Erótík? Já í bland! Spennusaga? Já!**
> **Ég les mikið en langt er síðan ég hef sogast svona í huganum inn í atburðarás með bók í hönd. Saga Kristínar Jóhannsdóttur er íslensk og alþjóðleg í senn. Þökk sé henni fyrir að vera svona hugrökk, opinská, einlæg og sönn. Þetta er bók sem á margfalt erindi á alþjóðlegan markað.**
> **Þú leggur ekki bókina frá þér fyrr en þú hefur lesið til enda ...**
>
> Atli Rúnar Halldórsson

# GOTT Í HARÐA PAKKA!






**Litbrigði húsanna**
TILBOÐSVERÐ: 5.999.-
Verð áður: 7.999.-




**Skuggarnir**
TILBOÐSVERÐ: 4.499.-
Verð áður: 6.999.-




**Syndafallið**
TILBOÐSVERÐ: 4.499.-
Verð áður: 6.999.-




**Hvísl hrafnanna**
TILBOÐSVERÐ: 3.299.-
Verð áður: 4.999.-




**Kortlagning Íslands**
TILBOÐSVERÐ: 6.999.-
Verð áður: 9.999.-




**Elín, ýmislegt**
TILBOÐSVERÐ: 4.499.-
Verð áður: 6.499.-




**Íslenska lopapeysan**
TILBOÐSVERÐ: 5.299.-
Verð áður: 6.899.-




**Flórída**
TILBOÐSVERÐ: 3.599.-
Verð áður: 4.999.-




**Rúna**
TILBOÐSVERÐ: 4.499.-
Verð áður: 6.999.-




**Öfugsnáði**
TILBOÐSVERÐ: 3.899.-
Verð áður: 5.499.-




**Það sem dvelur í þögninni**
TILBOÐSVERÐ: 4.199.-
Verð áður: 6.499.-




**Ævintýri Lísu í Undralandi**
TILBOÐSVERÐ: 4.499.-
Verð áður: 6.199.-



MUNDU EFTIR GJAFAKORTI PENNANS EYMUNDSSON!

VILDARKLÚBBUR EYMUNDSSON

Penninn Eymundsson

540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Vöruúrval mismunandi eftir verslunum. Tilboðsverð gilda til og með 13. desember. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.

# Vont að prentun fór úr landi

Díana Sigurfinnsdóttir starfaði sem framleiðslustjóri hjá prentsmiðjunni Odda í rúm 25 ár. Hún man þá tíma þegar prentun á jólabókum stóð yfir allan sólarhringinn.

Elín Albertsdóttir
elin@365.is



Díana segir að fyrstu jólabækurnar hafi komið í prent í september. „Þá hófst vertíð hjá okkur. Allir voru tilbúnir að vinna nánast allan sólarhringinn til að koma jólabókunum á markað. Þetta voru mjög skemmtilegir tímar sem ég sakna mikið," segir hún. „Það var alltaf mikil stemming í kringum prentun á jólabókum og allir starfsmenn lögðu sig fram og unnu myrkranna á milli. Á þeim tíma voru nánast allar jólabækur prentaðar í Odda. Þetta var rótgróið fjölskyldufyrirtæki og fólki líkaði vel vinnan og ílengdist í starfi," útskýrir Díana.

Núna eru nánast allar jólabækur prentaðar erlendis og Díana segir það vera sorglega þróun. Margir góðir starfsmenn hafi misst vinnuna í kjölfar þess að umhverfið breyttist. „Allt í einu var komin samkeppni erlendis frá og menn fóru að gera aðrar arðsemiskröfur. Það kostaði mun minna að prenta í útlöndum og þar var boðinn greiðslufrestur sem ekki þekktist hér. Á árum áður var Oddi reyndar mjög lipur við bókaútgefendur að þessu leyti og gaf góðum viðskiptavinum frest fram yfir áramótin til að borga prentunina," segir hún.

Díana segir að það hafi oft verið spenningur að sjá hvaða bækur yrðu söluhæstar og færu í endurprentun. „Í desember var nóg að gera í endurprentunum, enda sýnist mér að bóksala hafi verið mun meiri áður fyrr en núna. Nemendur komu inn í desember þegar jólafrí í skólum hófst og það var oft gaman í vinnunni. Nóg að gera og góður andi. Það var alltaf sérstök lykt í prentsmiðjunni þegar bækurnar voru komnar út á gólf í stöflum. Vandað var til verka og Oddi var vel tækjum búinn," segir hún.



Díana segir að það hafi verið ótrúlega skemmtilegt að vinna í jólabókaflóðinu í Odda. Hún saknar þeirra daga.

> „Það var alltaf sérstök lykt í prentsmiðjunni þegar bækurnar voru komnar út á gólf í stöflum. Vandað var til allra verka.

„Bækur hafa hækkað mikið í verði og hugsanlega er komið að þolmörkum hjá neytendum," segir Díana og bætir við að það sé sorgleg þróun að þessi vinna hafi farið úr landi. „Bókaútgefendur eru ekki saklausir af þeirri þróun. Ef fólk vill ekki versla heima þá leggst starfsemin af. Prentkostnaður er ekki svo stór hluti af verði hverrar bókar. Ég vann með ótrúlega góðu fólki sem elskaði bækur og lagði metnað sinn í starfið," segir Díana og bætir við að þegar prentun var lokið á jólabókum var gjarnan haldið upp á það í fyrirtækinu. „Ég man eftir einu skipti þegar ég var nýbyrjuð að búið var að ákveða partí. Við vorum hins vegar beðin um að færa veisluna um viku því það var svo mikið að gera. Allir sögðu já og héldu áfram að vinna. Þannig var starfsandinn."

Þegar hún er spurð hvort hana langi í einhverjar sérstakar bækur í jólagjöf, svarar hún því játandi. „Maður les örugglega Arnald og Yrsu. Einnig er áhugaverð, gömul kortabók með Íslandskortum að koma út. Ég hef mikinn áhuga á henni," segir Díana.






# LESLJÓS FYLGIR

völdum bókum á **Heimkaup.is**

**Ásta Kristrún Ragnarsdóttir**
Það sem dvelur í þögninni




~~6.490 kr.~~ **4.490 kr.**

Ásta Kristrún varpar ljósi á magnað lífshlaup formæðra sinna.

**Margaret Atwood**
Saga þernunnar – innbundin




~~5.890 kr.~~ **4.690 kr.**

Bókin sem þættirnir eru gerðir eftir. Bók sem allir eiga að lesa.

**Yrsa Sigurðardóttir**
Gatið




~~6.990 kr.~~ **5.490 kr.**

Bók sem þú leggur ekki frá þér.

**Ævar Þór Benediktsson**
Þitt eigið ævintýri




~~4.890 kr.~~ **4.190 kr.**

Ný bók úr seríu sem hlotið hefur Bókaverðlaun barnanna og Bóksalaverðlaunin.

**Þorvaldur Kristinsson**
Helgi Tómasson




~~7.990 kr.~~ **6.290 kr.**

Lífshlaup Helga er ævintýri líkast. Saga af átökum, fórnum og sigrum.

**Ragnar Jónasson**
Mistur




~~6.990 kr.~~ **5.490 kr.**

„Langbesta bókin hans" Kolbrún, Kiljunni. „Frábærlega vel uppbyggð bók" Sigurður, Kiljunni.

**Sólveig Pálsdóttir**
Refurinn




~~6.490 kr.~~ **5.590 kr.**

Listilega fléttuð glæpasaga úr samtímanum.



**Frí heimsending!**

HEIMKAUP

Smáratorgi 3 · 201 Kópavogi · 550 2700

# Predikararstelpan

## Verðlaunabók frá Finnlandi



Predikarastelpan eftir Tapio Koivukari er sextánda bókin sem þýðandinn og leikarinn góðkunni Sigurður Karlsson þýðir úr finnsku. Hann segir það hafa verið afar gaman að takast á við þetta verk. „Höfundurinn er mikill sögumaður og Predikarinn fékk önnur af fínustu bókmenntaverðlaunum Finnlands, Runeberg-verðlaunin. Þetta er hin merkasta bók,“ segir Sigurður.

„Sagan segir frá ungri stúlku sem liggur á sjúkrahúsi eftir botnlangaskurð þegar englar himins birtast henni. Í framhaldinu leiðir það til þess að hún fer að halda predikanir og boða guðsorð. Sagan gerist í Finnlandi árið 1949 og hefur sannsögulegan grunn. Á þessum tíma var stutt frá stríði Finna og Sovétmanna sem lauk með friðarsamningum. Þetta var óvissutímabil og ekki friðvænlegt í heiminum, stórveldin farin að smíða atómbombur sem jók trú fólks á að heimurinn væri að farast. Þetta andrúmsloft kemur vel fram í sögunni,“ segir Sigurður sem ákvað að læra finnsku þegar tími gæfist til og bjó svo í sjö ár í Finnlandi. „Þegar ég þýddi fyrstu bókina fann ég hvað það er rosalega spennandi og ég hef ekki gert annað í tíu ár.“




**„Þegar ég þýddi fyrstu bókina fann ég hvað það er rosalega spennandi og ég hef ekki gert annað í tíu ár,“ segir Sigurður Karlsson, leikari og þýðandi.** MYND/STEFÁN

Sigurður segir það hafa verið mikla áskorun að þýða Predikarastelpuna. „Það er ekki auðvelt að þýða bækur eftir Tapio Koivukari. Hann hefur sinn sérstaka stíl og fær alltaf góðar umsagnir um málfarið á bókum sínum. Það var því gaman að takast á við að skila því í þýðingunni,“ segir Sigurður.






**„Þetta er bráðskemmtileg og vel skrifuð bók, enda er Guðmundur snilldarstílisti,“ segir Viðar Hreinsson.** MYND/ANTON BRINK

# Tímagarðurinn

## Bráðskemmtileg og vel skrifuð bók




Tímagarðurinn fjallar um Brynjar, ungan mann sem hefur lent í hremmingum og ástvinamissi, og er áttavilltur og stefnulaus í lífinu. Hann vaknar upp eftir misheppnað næturævintýri í Hveragerði en þá grípa forlögin inn í. Hann fer í ferðalag með móðurbróður sínum og í ferðinni uppgötvar hann fegurðina í lífinu á ný,“ segir Viðar Hreinsson bókmenntafræðingur en Tímagarðurinn er ný bók eftir Guðmund S. Brynjólfsson.

„Tímagarðurinn er í raun vegabók og varahlutir í gamla bíla koma mikið við sögu. Þeir frændur hitta stórskemmtilegt fólk á leið sinni og frægur uppgjafaróni og heimsborgari slæst í för með þeim. Það er dálítið tvist í þessu að láta tvo uppgjafalúsera kenna stráknum að meta lífið upp á nýtt,“ upplýsir Viðar og bætir við að sér finnist bókin hlýleg og notaleg með djúpum undirtón sem vegsami fjölbreytni mannlífsins. „Þar leynist fegurðin, kannski frekar en í fagurfræðinni sem strákurinn hugðist læra.

Þetta er bráðskemmtileg og vel skrifuð bók, enda er Guðmundur snilldarstílisti. Honum tekst afbragðsvel að blanda saman trega og húmor, eins og hans er von og vísa. Mannlýsingarnar í bókinni eru líka mjög vel dregnar upp og auka þannig við ánægjuna af lestrinum.“

Viðar segir titil bókarinnar, Tímagarðurinn, eiga vel við. „Tíminn er umgjörð um mannlífið og strákurinn áttar sig á því um leið og hann öðlast skilning á hvar hann stendur í lífinu. Hann er úr Garðinum og sagan fjallar líka um að rækta garðinn sinn.

# Kalak eftir Kim Leine

## Einn máttugasti penni okkar tíma

Kalak er skáldævisaga rithöfundarins Kim Leine. Hún fjallar um uppvöxt hans, hvernig hann kynnist föður sínum í Kaupmannahöfn og hvernig hann reisir sína fjölskyldu og flytur til Grænlands. Honum tekst þar að skjóta rótum í gegnum ísinn,“ segir Védís Skarphéðinsdóttir, ritstjórnarfulltrúi Læknablaðsins.

„Kalak er mjög merkileg heimild um tvo menningarheima sem mætast, danskan og grænlenskan, en þar er himinn og haf á milli í öllum skilningi. Allt er mjög botnfrosið í Grænlandi og þar með uppi á yfirborðinu og á ísnum. Í bókinni eru mjög miklar og stórkostlegar náttúrulýsingar af svæðinu, landslaginu, náttúrunni og dýralífinu. Svo er fjallað mikið um heilbrigðiskerfið og hvernig það virkar.



**„Kalak er mögnuð og áhugavert að lesa um okkar næstu nágranna sem eru í raun svo nálægt okkur, eða í aðeins 300 km fjarlægð,“ segir Védís Skarphéðinsdóttir.** MYND/ANTON BRINK




Bókin er líka um fíkn og lifnað höfundarins,“ segir Védís og bætir við að sér finnist Kim Leine einn máttugasti penninn í rithöfundastétt í heiminum í dag. „Hann skrifar stórkostlegar sögur. Heiðarlegri verða þær varla. Nú eru komnar út tvær bækur eftir hann á íslensku, Kalak og Spámennirnir í Botnleysufirði, báðar mjög magnaðar.“

Kim Leine er af norsku bergi brotinn og er alinn upp í norskum sértrúarsöfnuði. „Hann er feikilega ötull maður, hefur mörg tungumál á valdi sínu og talar grænlensku. Hann er einn af fáum Evrópumönnum sem hafa lært grænlensku til hlítar og talar hana og les. Grænlendingar kalla hann Kalak sem þýðir skítugi Grænlendingurinn.“

Mælir þú með þessari bók? Já, hún er mögnuð og áhugavert að lesa um okkar næstu nágranna sem eru í raun svo nálægt okkur, eða í aðeins 300 km fjarlægð.“

Jón Hallur Stefánsson þýddi.

# „STÓRMERKILEG!“ „STÓRKOSTLEG!“

**HELGI** EFTIR **ÞORVALD KRISTINSSON**








*„Einhver mesta ævintýrasaga Íslendings á 20. og 21. öldinni … stórmerkileg saga.“*
Egill Helgason, Kiljunni

*„Stórkostleg saga … skrifuð af áreynsluleysi dansarans.“*
Þorgeir Tryggvason, Kiljunni

*„Virkilega gaman að fylgja Helga í þessari bók.“*
Sunna Dís Másdóttir, Kiljunni

---

# „HUGRÖKK, OPINSKÁ EINLÆG OG SÖNN!“

**EKKI GLEYMA MÉR** EFTIR **KRISTÍNU JÓHANNSDÓTTUR**




**„FRÁBÆR BÓK“**
JÓN ÓSKAR
MYNDLISTARMAÐUR

*„Gat ekki hætt fyrr en bókin var lesin til enda. Pólitík? Já! Mannkynssaga? Já! Ástarsaga? Já, heldur betur! Erótík? Já, í bland! Spennusaga? Já! Þökk sé Kristínu fyrir að vera svona hugrökk, opinská, einlæg og sönn.“*
Atli Rúnar Halldórsson

*„Æsispennandi, heillandi og heiðarleg ástarsaga.“*
Elva Ósk Ólafsdóttir leikkona

*„Bókin er svo skemmtileg blanda af sögulegum fróðleik sem er svo mikilvægt að rifja upp og áhrifamikilli ástarsögu. Mig langar til að heimsækja alla þessa staði sem eru í bókinni.“*
Birna Einarsdóttir bankastjóri

BJARTUR

# Eðalmygla og ofurhetjur

## Drápa er með tvær skemmtilegar bækur fyrir þessi jól, önnur þeirra er Litla vínbókin – sérfræðingur á 24 tímum. Hin heitir Handbók fyrir ofurhetjur og er vinsælasta barnabók þessa árs í Svíþjóð.

Litla vínbókin er eftir Jancis Robinson sem er virtasti vínsérfræðingur í heimi. Hún var fyrsti einstaklingurinn utan vínheimsins, til þess að fá Master of Wine viðurkenningu frá vínframleiðendum og skrifaði þessa bók með þá í huga sem ekki eru sérfræðingar en hafa mikinn áhuga á víni,“ útskýrir Ásmundur Helgason, eigandi Drápu bókaútgáfu.

„Í bókinni eru ýmsar skemmtilegar upplýsingar. Til dæmis má lesa skemmtileg orð úr þeirri flóru sem notuð er til að lýsa vínum eins og „eðalmygla“, „graskennt“, „fætur“ og fleiri orð sem hljóma ekki endilega lystug. Bókin kennir fólki að lesa á flöskumiðann, hvernig para á saman vín og mat og hvað á að velja fyrir ýmis tilefni. Hún flettir einnig ofan af ýmsum mýtum í vínheiminum, til dæmis kom mér það á óvart að hvítvíns- og rauðvínsglös þurfa ekki að vera af sitt hvorri stærðinni! Skemmtilegasti kaflinn er þar sem

> Skemmtilegasti kaflinn er þar sem farið er yfir tíu algengustu þrúgurnar og hvert vínhérað fyrir sig.
>
> **Ásmundur Helgason**

farið er yfir tíu algengustu þrúgurnar og hvert vínhérað fyrir sig. Þetta er skemmtileg bók sem hentar öllum, bæði þeim sem eru að stíga sín fyrstu skref inn í vínheiminn og þeim sem reyndari eru. Steingrímur Sigurgeirsson vínsérfræðingur las bókina yfir og segir hana „virkilega góða, þýðingin frábær, lipur og skemmtileg.“

### Handbók fyrir ofurhetjur

Drápu tókst að verða sér úti um vinsælustu barnabók Svíþjóðar á þessu ári, Handbók fyrir ofurhetjur. Þetta er fyrsta bók í seríu um Lísu, níu ára stelpu sem lögð er í einelti.

„Í bókinni flýr Lísa frá strákum sem eru að stríða henni, inn á bókasafn. Þar byrjar bók í einni hillunni að glóa svo hún nær í hana og les þar 101 ráð til þess að verða ofurhetja. Hún lærir til dæmis að fljúga, tala við dýr og að slást eins og ofurhetja og bjargar málum þegar myntsafni er stolið af gömlum manni í sögunni,“ útskýrir Ásmundur.

„Bókin er skrifuð af hjónum. Hún er grafískur hönnuður og hann skrifar og þetta er þeirra fyrsta bók en dóttir þeirra lenti í slæmu einelti. Aftast í bókinni er til dæmis farið yfir nokkur atriði sem hægt er að gera ef maður lendir í einelti eða verður vitni að því. Einnig er sími Rauða krossins aftast í bókinni sem krakkar geta hringt í. Handbók fyrir ofurhetjur er hröð, spennandi og skemmtileg saga og frábær jólagjöf fyrir 6 til 11 ára krakka.




Ásmundur Helgason, eigandi Drápu, kynnir tvær spennandi bækur í jólapakkann, Litlu vínbókina og Handbók fyrir ofurhetjur. MYND/ANTON BRINK

# Með stærstu útgefendum landsins

## Bókaútgáfan Óðinsauga gefur út 48 bækur í ár og telst því meðal stærstu bókaútgefenda landsins. Útgáfulisti ársins inniheldur mjög fjölbreytt verk.

Bókaútgáfan Óðinsauga hefur vaxið hratt undanfarin ár og er nú á meðal stærstu bókaútgefenda landsins enda koma út á hennar vegum 48 bækur í ár. Að sögn Hugins Þórs Grétarssonar, sem er í forsvari fyrir Óðinsauga, er einkenni þessa unga útgáfufyrirtækis helst það að þar fá fjölmargir nýir höfundar tækifæri til að stíga sín fyrstu skref. „Upphaflega var Óðinsauga sjálfsútgáfa og er í raun hugsað sem grasrótarfyrirtæki til að aðstoða nýja rithöfunda með verk sín. Útgáfulisti hvers árs mótast þó vissulega af því hvernig vindar blása í samfélaginu hverju sinni.“

Í ár gefur Óðinsauga út margar barnabækur, bæði innlendar og þýddar. „Þar má t.d. nefna Etna og Enok fara í sveitina, en þar skrifar höfundur um sveit foreldra sinna í Tálknafirði. Einnig koma út þýddar skáldsögur, s.s. Lífið á ísskápshurðinni sem er hjartnæm saga mæðgna, skrifuð í minnismiðaformi.“

Fullorðnir finna líka fjölmargt skemmtilegt og áhugavert að sögn Hugins. Hann nefnir t.d. krimmann Vefurinn eftir Magnús Þór Helgason en hún er önnur bók hans. „Í fyrra kom út bókin Bráð eftir sama höfund. Þessi nýja bók fjallar um Kormák, fertugan lektor við Háskóla Íslands sem er nýkominn heim úr námi í Svíþjóð. Konan hans beitir hann ofbeldi og hann fer að halda framhjá með Kolbrúnu, ungum stúdent við Háskólann sem er grúskari og hakkari. Þar kynnist Kormákur heimi á netinu sem vekur upp spurningar um friðhelgi einkalífsins. Á sama tíma er lögreglan að rannsaka dularfulla bylgju sjálfsmorða.“

### Fjölbreyttar bækur

Óðinsauga gefur út eina matreiðslubók í ár sem heitir Pabbi, áttu fleiri uppskriftir? eftir Smára Hrafn Jónsson matreiðslumeistara. „Hann tók til uppskriftirnar þar sem börnin hans hringdu oft og spurðu hvernig ætti að elda hitt og þetta. Honum fannst þörf á að hafa þessar kjarnauppskriftir í matreiðslu á einum stað. Mikið af fróðleik er einnig að finna í bókinni, t.d. leiðbeiningar um hvernig best sé að gera sósur frá grunni og margt fleira.“

Einnig nefnir Huginn metnaðarfullt verk eftir Þorgrím Gestsson sem heitir Færeyjar út úr þokunni. „Þar ferðast höfundur um Færeyjar með Færeyingabók í farteskinu. Þannig verður úr fróðleikur og ferðasaga í bland auk þess sem fjallað er lítillega um sjálfstæðisbaráttu Færeyinga og þróun ritmáls. Bók í svipuðum dúr kom út um Orkneyjar og Hjaltland fyrir þremur árum síðan en bókin sú heitir Í kjölfar jarla og konunga.“

> Upphaflega var Óðinsauga sjálfsútgáfa og er í raun hugsað sem grasrótarfyrirtæki til að aðstoða nýja rithöfunda með verk sín.

Huginn Þór er ekki einvörðungu útgefandi heldur afkastamikill rithöfundur. „Ég sendi frá mér nokkrar bækur í ár, t.d. bókina Teljum kindur, sem er gamansöm bók með 176 skrípamyndum af kindum í hinum ýmsu aðstæðum. Samkvæmt fullyrðingu á bókarkápu á bókin að hjálpa til við að svæfa börnin. Auk þess hef ég skrifað nýjan bókaflokk sem eru svokallaðar léttlestrarbækur.“




Huginn Þór Grétarsson er í forsvari fyrir Óðinsauga sem gefur út 48 bækur í ár. MYND/VILHELM

Nánari upplýsinga um bækur Óðinsauga má finna á www.odinsauga.com.




Eygló Birgisdóttir, verslunarstjóri Pennans Eymundsson í Smáralind. MYNDIR/STEFÁN

# Góð tilfinning að opna nýja bók




Gott úrval titla er að finna í hillum verslunarinnar.

**Eygló Birgisdóttir, verslunarstjóri Pennans Eymundsson í Smáralind, segir þá sterku hefð að gefa bækur í jólagjöf síst á undanhaldi. Í Pennanum Eymundsson bjóðist allt úrval bókaútgáfu og góð þjónusta.**




„Við fluttum í sumar á nýjan stað í Smáralind en bjóðum upp á sama góða úrvalið eftir sem áður.“




Jólagjöfin gæti leynst í Pennanum Eymundsson.




Áhersla er lögð á góða þjónustu. Starfsfólk þekkir bækurnar vel og aðstoðar fólk sem vantar hugmyndir.

Við erum með allt úrvalið af bókaútgáfu í hillunum hjá okkur. Við fluttum í sumar á nýjan stað í Smáralind en bjóðum upp á sama góða úrvalið eftir sem áður. Hér ættu allir að finna það sem þá vantar í jólapakkann. Við leggjum mikið upp úr góðri þjónustu og aðstoðum fólk við að finna bækurnar sem það leitar að, einnig þegar fólk er að leita að góðri gjöf fyrir til dæmis tíu ára stelpu eða sjö ára strák og vantar hugmyndir. Við leggjum okkur fram um að kynna okkur bækurnar vel,“ segir Eygló Birgisdóttir, verslunarstjóri Pennans Eymundsson í Smáralind.

„Við erum einnig með mjög gott úrval af ýmsum erlendum bókum, skáldverkum, gjafabókum, matreiðslubókum og fleiru. Allar bækur er hægt að merkja með skiptimiða en við erum einnig með gott úrval titla í janúar ef fólk vill skipta jólagjöfinni.“

### Bókin ekki á undanhaldi

„Það eru alltaf einhverjir titlar sem seljast betur en aðrir og metsölulistinn okkar er tekinn fyrir vikulega. Arnaldur og Yrsa keppast dálítið um efstu sætin þar núna og svo komast alltaf einhverjar af barnabókunum inn á heildarlistann. Íslendingar kaupa bækur fyrir jólin og hefð hjá mörgum að gefa alltaf bækur í jólagjöf. Bókin er ekki að fara neitt,“ segir Eygló og sem dæmi um það sé að fólk sem öðlast frægð á netinu gefi sitt efni út á bók.

> **Fólk segir gjarnan að netið muni taka yfir og bókin muni lognast út af en bloggarar og snapchat stjörnur gefa líka út bækur.**

„Ein bókanna sem rötuðu á metsölulistann okkar er eftir Snapchat stjörnu. Fólk segir gjarnan að netið muni taka yfir og bókin muni lognast út af en bloggarar og Snapchat stjörnur gefa líka út bækur. Netið styrkir bókina, fólk fylgist með þessum aðilum á netinu en kaupir líka bókina þeirra. Það er allt önnur tilfinning sem fylgir því að opna nýja bók og fletta henni milli handa en að kveikja á skjá. Á aðventunni vill fólk hafa góða bók að lesa og slappa af uppi í sófa. Það er ekkert á undanhaldi.“

# Vissir þú þetta ...?



... að bók er besti vinur mannsins, fyrir utan hundinn, sagði Groucho Marx?

... að Indverjar lesa mest allra í heiminum, að meðaltali 10,7 klukkutíma á viku?

... að fyrsta skáldsagan sem skrifuð var á ritvél er sögð vera Ævintýri Toms Sawyer eftir Mark Twain?

... að bækurnar um Harry Potter eru bannaðar víða í Bandaríkjunum vegna trúarlegs ágreinings?

... að bókin Fools of Nature eftir bandaríska höfundinn Alice Brown var skilgreind fyrsta metsölubók heimsins árið 1889?

... að heimsmet var sett í Sydney í Ástralíu árið 2012, þegar 988 manns héldu jafnvægi á göngu með bók á höfðinu?

... að 150 þúsund nýjar bækur eru gefnar út á Bretlandseyjum ár hvert?

... að einn af hverjum fimm fullorðnum í heiminum er ólæs og óskrifandi, flestir í Afríku og Suður- og Vestur-Asíu?

... að M6-tollvegurinn var byggður úr kvoðu tveggja og hálfrar milljónar eintaka af Mills & Boon-skáldsögum?



Glæsilegar leikkonur sem fara með hlutverk í myndinni The Book Club. Þær lesa Gráa skugga og líf þeirra breytist.

## Fjórar eldri konur lesa Gráa skugga

Fjórar frábærar leikkonur fara með aðalhlutverk í nýrri bíómynd sem frumsýnd verður á næsta ári. Myndin nefnist The Book Club og leikkonurnar eru ekki af verri endanum, Jane Fonda, Diane Keaton, Mary Steenburgen og Candice Bergen. Þessar fjórar eldhressu konur eru saman í lestrarklúbbi og velja sér bókina Fifty Shades of Grey (Fimmtíu gráir skuggar) til að lesa. Bókin breytir lífi þeirra allra. Eins og flestir vita var seldist þríleikurinn Fimmtíu gráir skuggar í bílförmum um allan heim en höfundur bókanna er E.L. James. Aðrir leikarar í myndinni eru einnig heimsfrægir og má þar nefna Andy Garcia, Don Johnson, Richard Dreyfuss og fleiri. Myndin er sögð í gamansömum tón.

Jane Fonda verður áttræð 21. desember og þykir einstaklega glæsileg kona. Hún hefur birt myndir af þeim stöllum á Instagram þar sem þær starfa saman að myndinni. Fjórar fullorðnar konur sem sitja við lestur rómantískrar og talsvert djarfrar bókar þykir óvenjulegt umfjöllunarefni í bíómynd. Gaman verður að sjá hvaða viðbrögð myndin fær.

## Rýnt í söguna

Það er gaman að fletta í gömlum Bókatíðindum og rifja upp vinsælar bækur hvers árs og um leið fyrstu bækur þekktra rithöfunda. Hér verður stiklað á því helsta árin 1987, 1997 og 2007.

Árið 1987 voru Gunnlaðar saga eftir Svövu Jakobsdóttur og Kaldaljós eftir Vigdísi Grímsdóttur tvær af eftirminnilegustu íslensku skáldsögum ársins og líklega með þeim söluhæstu. Hús andanna eftir Isabel Allende varð óhemju vinsæl og það sama er að segja um Ilminn eftir Patrick Süskind.



Tíu árum síðar, 1997, kom fyrsta bók Arnaldar Indriðasonar, Synir duftsins, út og Stella Blómkvist sendi frá sér sína fyrstu glæpasögu, Morðið í stjórnarráðinu. Mikael Torfason þeystist fram á ritvöllinn þetta ár með Falskan fugl og annar þekktur ritstjóri, Kristjón Kormákur, sendi frá sér skáldsöguna Óskaslóðin.

Árið 2007 kom út fyrsta bókin í þríleik Jóns Kalmans Stefánssonar, Himnaríki og helvíti, en Borgarleikhúsið mun frumsýna leikgerð sögunnar í janúar á næsta ári. Þá gaf Auður Ava Ólafsdóttir út bókina Afleggjarann og Sigurður Pálsson gaf út Minnisbókina sem hann fékk Íslensku bókmenntaverðlaunin fyrir. Sama ár kom einnig út ævisaga Maó eftir Jung Chang í þýðingu Ólafs Teits Guðnasonar.




SENDUM FRÍTT UM ALLT LAND

www.smartboutique.is

Fjarðargata 13-15, Hafnarfjörður, sími 551 1040
Opið mán.–fös. kl. 10–18
Laugardaga kl. 10–17
Sunnudaga kl. 12–17

# Smart Boutique

Fjörður • www.smartboutique.is

FJÖRÐUR

SENDUM FRÍTT UM ALLT LAND

www.smartboutique.is

*Það er aðeins ein alvöru hanskabúð og hún er í Firðinum Hafnarfirði.*





Tundra eða Tundra long gervifeldshúfa og hanskar
Jólatilboð 7.500 kr.
Margir litir í boði.



Gervifeldskragar í úrvali verð frá 4.200.kr
Margir liti í boði.



Hvergi meira úrval af gæða leðurhönskum
Verð frá 3.450 kr.



Herratrefill og hanskar Jólatilboð 5.490.kr
Refaskott og hanskar Jólatilboð 12.490.kr
Stutt skott 9.900.kr
Margir litir í boði.



Kanínuhúfa og hanskar
Jólatilboð 15.900.kr
Margir litir í boði.



Pasmina og hanskar Jólatilboð 4.950.kr
Margir litir í boði



Mikið úrval af gæða herra hönskum á lang besta verðinu í bænum. Verð frá 3.990 kr






Allt sem minnir á jólin gleður börnin. Salat sem sett er á disk sem fegursta jólatré á beina leið í munn þeirra og maga. Formið jólatré úr brokkólí, tómötum, kartöflum og nachos og skerið stjörnu úr osti til að setja á toppinn.



Jarðarberjajólasveinar eru ómótstæðilegt heilsunammi. Skerið toppinn af jarðarberjum til að nota í jólasveinahúfu og setjið mozzarellakúlur á milli jarðarberjahluta fyrir jólasveinahaus. Skreytið með útskornum eplum og dúski úr osti.

# Aðventugott fyrir litla munna

**Aðventan er tími freistinga, ekki síður en jólin. Hvarvetna leynast smákökur og sætindi, en það er vel hægt að útbúa spennandi heilsufæði fyrir börnin í desember, á milli þess sem þau maula súkkulaði úr dagatali og jólaskóm.**



Krökkum þykir gaman að hugsa til þess að verða árinu eldri á nýju ári. Því er sniðug og lostæt hugmynd að búa til ártal nýja ársins, 2018, úr berjum, sítrusávexti eða eplasneið, banönum og kíví.



Hafragrauturinn verður ævintýri kominn í þennan jólalega búning og hreinlega gaman að kjamsa á jólatré úr kíví og eplum, og jólasveini úr banönum og berjum.



Öll börn elska múffur í litríku formi. Skerið appelsínur í sneiðar sem passa í múffuform og setjið ávexti og frosna jógúrt undir.



## Bílar & Farartæki


BÍLAHÖLLIN
S: 567-4949



TOYOTA Yaris h/b active. Árgerð 2017, ekinn 31 Þ.KM, bensín, 6 gírar. Verð 1.940.000. Rnr.152092.



TOYOTA Aygo h/b x-play touch. Árgerð 2017, ekinn 30 Þ.KM, bensín, 5 gírar. Verð 1.550.000. Rnr.152094.

**Bílahöllin**
**Bíldshöfða 5, 112 Rvk**
**Sími: 567 4949**
**www.bilahollin.is**

Bílalíf



TOYOTA LAND CRUISER 200 VX 35". Árg.2008,ek.aðeins 148. þús km,bensin, sjálfskiptur.Verð 6.490.000. Rnr.247484. Á staðnum - S:5621717.

**Bílalíf**
**Kletthháls 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 562 1717**
**Opið 10-18 virka daga**
**www.bilalif.is**

bilauppbod.is

**ÞARFTU AÐ KAUPA EÐA SELJA BÍL?**
Bilauppbod.is er uppboðsvefur þar sem þú getur keypt eða selt bíl á einfaldan og hagkvæman hátt. Kynntu þér málið. www.bilauppbod.is Sími 522-4610.

**Bílauppboð - Krókur**
**Sími: 522 4610**
**www.bilauppbod.is**

SPARI bíll



**TOYOTA COROLLA ÚTSALA**
Nýr 2017 Active Diesel. Álfelgur. Bakkmyndavél. Leiðsögubúnaður ofl lúxus. Á aðeins 2.990.000,-

**Sparibíll ehf**
**Hátún 6A, 105 Reykjavík**
**Sími: 577 3344**
**www.sparibill.is**


### Bílar til sölu



Renault Trafic 2005 ek. 195 þkm beinsk 6 gíra disel þakbogar. Fallegur og góður bíll. Verð 790 þúsund Tilboð 590 þúsund staðgreitt Uppl. í s. 820 4640

### Hjólbarðar


VAKA



**NÝJU SAILUN DEKKIN Á FRÁBÆRU VERÐI.**
Einnig úrval notaðra dekkja. Tökum notuð uppí ný. Vaka s. 567 6700


## Þjónusta

### Pípulagnir

Pípulagningameistari getur bætt við sig verkefnum og viðhaldi á ofnakerfum. Uppl. í s. 778 1604

### Hreingerningar

**VY-ÞRIF EHF.**
Öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. S. 512 4010 www.vy.is






### Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

### Málarar

**REGNBOGALITIR EHF**
Alhliða málningarþjónusta löggiltra fagmanna. malarar@simnet.is Sími 891 9890

### Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

### Húsaviðhald

Málarameistari og húsasmiður getur bætt við sig verkefnum. Tek að mér endurnýjun baðherbergja. Faglærður. Uppl. í s. 662 7710

### Rafvirkjun

**RAFLAGNIR OG DYRASÍMAKERFI S. 896 6025**
Tilboð dyrasímakerfi, töfluskipti. Löggildur rafverktaki. rafneisti@simnet.is

Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

## Breyting á svæðisskipulaginu Höfuðborgarsvæðið 2040

Lögð er fram til kynningar verkefnislýsing vegna breytingar á svæðisskipulaginu Höfuðborgarsvæðið 2040 sbr. 2. mgr. 23. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Breytingin felst í útvíkuun á vaxtamörkum við Hólmsheiði til samræmis við breytingu á aðalskipulagi Mosfellsbæjar 2011-2030 um nýtt athafnasvæði við Sólheimakot á Hólmsheiði þar sem heimilt verði að byggja upp og þróa græna, orkufreka starfsemi, eins og gagnaver.

Verkefnislýsingin er aðgengileg á skrifstofu SSH, Hamraborg 9, 200 Kópavogi, á vefsíðunni www.ssh.is/skipulag og á vefsíðum aðildarsveitarfélaga.

Hægt er að nálgast verkefnislýsingu vegna breytinga á aðalskipulagi Mosfellsbæjar á vefssíðunni www.mosfellsbaer.is/thjonusta/skipulag-og-umhverfi.

